

ÍSALP


ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1993



ISSN 1021-108X


VANDAÐAR VÖRUR

- á réttu verði!



Ítölsku gönguskórnir
á góða verðinu.

PIONEER




Óbrjótanlegir hitabrúsar.



Ísaxir - Mannbroddar
Ísskrúfur.

charlet moser



Bakpokar
á góðu
verði.



PROTEX

Vandaður
PROTEX
fatnaður,
vatnsheldur
m/útöndun.
Fengið viður-
kenningu í
samanburðarprófunum.



Karabínur
& sigtöl.




Fjallalínur og borðar.


rivory joanny



SVEFNPOKAR



POLARLITE þéysur.



**SEGLAGERÐIN
ÆGIR**

Eyjaslóð 7 · Reykjavík · Pósthólf 1659
Símar 91-621780 · Nafnfr. 9879-1698

Efnisyfirlit:

Mt. Whitney	5
Af fuglabjörgum	9
Fjallaveiki	13
Hrútsfjallstindar	17
Tækjahornið	31
Félagsstarf	35
Fréttapistill	38
Ársskýrsla	46
Ársreikningar	47

Forsíðumynd:

Úr Grafarfossi, *Ljósm. Kristján Maack*

Útgefandi:

Íslenski alpaklúbburinn
— félag íslenskra áhugamanna um
fjallamennsku.
Pósthólf 1054, 101 Reykjavík

Ritnefnd:

Torfi Hjaltason, ábm. s.667094
Salbjörg Óskarsdóttir, s.25069
Jón Haukur Steingrímsson, s.43121
Tómas Grønvaldt Júlíusson, s.622884
Hörður Magnússon, s.622919
Björn Vilhjálmsson, s.15417

Tölvuumbrot á *Calamus SL*:

Torfi Hjaltason

Sérstakar þakkir fyrir góð ráð og aðstoð
fær Björn G. Karlsson hjá Nauðsyn sf.

Filmuvinnsla s/h:

Prentmet

Skönnun s/h mynda:

Oddi hf

Prentun og litmyndavinnsla:

G. Ben.



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

9. TÖLUBLAÐ
DESEMBER 1993

Ágætu félagar,

Þá lítur 9. tölublaðið dagsins ljós. Við bjóðum velkomna til starfa nýja meðlimi í ritnefndina, þá Jón Hauk, Tómas og Hörð.

Næsta ársrit er í vinnslu og er stefnt á að það komi út í haust, þetta hefur nú heyrst áður, en nú erum við bara bjartsýn á að það takist. Eins og sjá má af innihaldi þessa rits þá er hægt að skrifa greinar af ýmsum toga, af nógu er að taka.

Ritnefndin var heppin að fá vandaða grein Snævarrs Guðmundssonar um göngur á Hrútsfjallstinda til birtingar nú. Greinin er mjög ítarleg og fróðleg. Ferðasögur eru fastir liðir, Karl Ingólfsson skrifar skemmtilega um ferð sína og Tómasar Grønvaldt á Hvannadalshnúk með óvenjulegum tilbrigðum við þá leið. Þorvaldur Þórsson rifjar upp ferð sína á Mt. Whitney og Gunnar Guðmundsson læknir skrifar um fjallaveiki. Fastir liðir eru á sínum stað og einnig tækjahorn Björns Vilhjálmssonar.

Allir sem luma á efni sjálfir eða vita um einhvern sem það gerir, eru hvattir til að hafa samband við ritnefndina. Hjálpumst að og gerum ársrit Ísalp sem veglegast.

T.H.

Stjórn Ísalp 1993:

Formaður: Magnús Tumi Guðmundsson, s.26357
Varaformaður: Páll Sveinsson, s.689048
Gjaldkeri: Ingimundur Stefánsson, s.72160
Ritari: Árni Gunnar Reynisson, s.44217
Meðstjórnendur: Linda Björk Þórðardóttir, s.622919
Magnús Guðlaugsson, s.35240
Jón Þorgrímsson, s.75011

Skálanefnd: Guttormur B. Þórarinnsson, s.22712
Jón Þorgrímsson, s.75011

Fræðslunefnd: Torfi Hjaltason, s.667094
Snævarr Guðmundsson, s.654606

Ferða- og fundanefnd: Linda Björk Þórðardóttir, formaður
Símon Halldórsson, s.51764
Þorvaldur Þórsson, s.74090
Þórarinn Pálsson, s.72954

Húsnefnd: Árni Gunnar Reynisson, formaður
Haraldur Örn Ólafsson, s.612719

Uppstillinganefnd: Árni Gunnar Reynisson, formaður
Guðjón Snær Steindórsson, s.656847
Árni Tryggvason, s.619469

Umhverfisnefnd: Jón Viðar Sigurðsson, s.10587
Ingimundur Stefánsson, s.72160
Árni Tryggvason, s.619469



Ísklifur í Eilífsdal. Ljósmynd Hallgrímur Magnússon.



Í Eilífsdal. Ljósmynd Hallgrímur Magnússon.



Guðni Bridde í Trýnu í Brynjudal. Ljósmynd Jón Haukur Steingrímsson.

Ferð á Mt. Whitney vorið 1988

eftir Þorvald V. Þórsson

Þegar ég var við nám í Kaliforníu varð ég skyndilega heltekinn slæmri fjallabakteríu sem mér hefur ekki ennþá tekist að losna við. Ég ákvað að reyna að klífa fjallið Mt. Whitney sem er rúmlega 4500m á hæð og er hæsta fjall í Norður-Ameríku utan Alaska. Ég hafði enga reynslu í fjallamennsku og átti engan búnað til þess að fara í slíka ferð. Á þessum tíma árs voru vetraraðstæður þarna uppi og þurfti góðan útbúnað til þess að fara á fjallið. Ég ákvað að láta þetta ekki aftra mér og ákvað að keyra á þetta. Mér tókst að sannfæra nokkra af vinum mínum um að þetta væri tilvalin helgarútilega. Aðeins einn af þeim, Ómar Þór Eðvaldsson, hafði vit á fjallamennsku en hann var alinn upp hjá „flubbunum“ á Akureyri. Aðrir voru: Geir Gunnarsson, Ásgeir Þór Eiríksson og Andy Albus sem var fulltrúi Ameríkumanna.

Við keyptum okkur allir, nema Ómar, gönguskó en fengum allan annan búnað leigðan. Helgina sem við ætluðum að fara var mikið fárviðri þarna og lásum við í blöðunum að ein kona hefði farist í snjóflóði á fjallinu. Við ákváðum að fresta ferðinni um viku. Ferðin frá San Jose í Kaliforníu til smábæjarins Lone Pine í Nevada fylki tók rúmlega 11 tíma. Við vorum komnir á áfangastað kl. 4 á laugardagsmorgni. Við vöknudum um 7 leytið og sáu að við vorum staddir í þröngum dal með hrikaleg og brött fjöll á báða bóga. Við tróðum öllu okkar hafurtaski niður í bakpokana og voru pokarnir þá hreint út sagt hrikalega þungir. Okkar sérfræðingur í fjallamennsku sagði að þetta væri það sem fylgdi fjallamennsku. Við hættum öllu væli og öxluðum pokana og byrjuðum að þramma af stað í morgunkyrrðinni. Við löbbuðum lengi eftir vel merktum og góðum göngustíg sem hlykkjast fram og til baka upp eftir þröngum dalbotninum. Þegar við höfðum gengið í nokkra tíma komum við upp úr dalnum. Þarna endaði slóðin okkar og fylgdum við þá áberandi flötum hrygg. Veður var alveg ákjósanlegt til göngu, skýjað og nær logn. Við komum brátt í fyrstu snjóbrekkuna í ferðinni og tókum upp stóru gönguísaxirnar sem við höfðum leigt. Þar sem aðeins einn af okkur hafði haldið

á ísöxi áður var alveg tilvalið að við æfðum okkur í ísaxarbremsum og öðrum nauðsynlegum æfingum áður en raunveruleikinn tæki við.

Ómar stóð sig af stakri þrýði í kennslunni og voru allir reynslunni ríkari á eftir. Nokkru síðar kom á móti okkur maður um fimmtugt á eldgömlum snjóþrúgum. Við töluðum aðeins við kappann og var hann að koma úr 5 daga óbyggðaferð og var mjög hress og kátur. Þegar líða tók á daginn komumst við á þann stað þar sem við hugðumst tjalda, í um það bil 3700 m hæð. Þar voru þegar fyrir 4–5 tjöld og voru þarna aðrir í svipuðum hugleiðingum og við. Við vorum staddir undir fjallshrygg sem við þurftum að komast upp á daginn eftir. Ég hafði verið settur í að útvega kvöldmat fyrir ferðina og eldaði ég hann við litla hrifningu manna. Ég hafði ætlað að kaupa pasta með kjúklingum en tókst ekki að fá neitt annað en grænt pasta búið til úr spínati. Menn voru orðnir svangir svo flestir hörkuðu af sér og renndu þessu niður með formælingum en Ásgeiri, sem hafði kvartað yfir óþægindum, varð ekki um sel þegar ég skammtaði honum á diskinn. Hann þurfti, í sömu svipan, að kasta upp og munaði minnstu að ég yrði fyrir skotinu. Ég var að sjálsögðu hissa og sár á þessum viðbrögðum og sagði: „Maturinn getur ekki verið alveg svona slæmur!“

Um nóttina fannst okkur hroðalega kalt. Frostið var 15–20 gráður og vindurinn lamdi á tjöldunum með miklum látum. Mönnum tókst misjafnlega vel að sofna en ég náði að blunda tvisvar. Ég vaknaði kl. 2:30 um nóttina og var alveg í spreng. Ég fór úr pokanum og byrjaði samstundis að skjálfa, þegar ég reis upp hrundi hrímið innan af tjaldinu yfir mig. Ég bölvaði í hljóði og tautaði „Það er ekki möguleiki að ég fari út í þennan andskota núna“. Ég fann einn af eldsneytisbrúsunum okkar sem var hálf tómur og tappaði af í hann. Rúmlega fjögur um nóttina vaknaði ég við að úrið mitt pípti. Ég hleypti í mig hörku og fór að klæða mig og reyna að undirbúa morgunmat. Ómar var kominn á fætur að vörmu spori og þegar við komum út var kuldastrækkingur en léttskýjað. Það



Mt. Whitney. Ljósmynd Þorvaldur V. Þórsson.

reyndist vera öllu erfiðara að fá strákana í hinu tjaldinu á fætur. Geir sýndi hörku og komst á fætur en Ásgeir sagðist hafa verið hroðalega slappur alla nóttina með hita og ógleði svo það var ekki um það að ræða að hann kæmist með okkur strax. Andy stakk höfðinu út úr tjaldinu en sagðist vera með hausverk og fór aftur í pokann sinn.

Loks rétt fyrir sjö um morguninn komumst við af stað eftir að hafa brætt og hitað vatn fyrir okkur alla. Okkur var kalt í byrjun en það lagaðist fljótt þegar sólin fór að verma okkur og brátt vorum við orðnir vel heitir við hreyfingu. Þegar við komum utan í hrygginn áttuðum við okkur á því að hann var fjandi hár. Við fórum á ská upp og þegar ofar dró fór snjórinn að breytast í hjarn og var erfitt að fóta sig. Ómar fór ekki í broddana svo við slepptum því einnig en hjuggum í stað þess spor í hjarnið. Við klöngruðumst upp nokkra klettastalla og fyrir ofan þá var hjarnið orðið ennþá harðara og hlíðin mjög brött. Við sáu klettastallana fyrir neðan og vildum ekki hugsa þá hugsun til enda hvað kæmi fyrir ef við færum að renna af stað. Þegar við komumst upp á hrygginn blés-

um við mikið enda hæðin orðin rúmlega 4200m. Við fengum okkur að borða og nutum frábærs útsýnis yfir Kaliforníu og Nevada fylki. Ég tók allt í einu eftir að Geir var alveg að sofna þar sem hann sat á klettabrún með lappirnar fram af hengiflugi. Ég reif í hann svo hann færi nú ekki að rúlla frá okkur og spurði hann hvað væri að. Hann sagðist vera eitthvað slappur og þreyttur og sagði að það væri best að hann snéri við.

Við löbбуðum eftir hryggnum sem við vorum uppi á en sáu ekki toppinn vegna þess að fyrir framan okkur hækkaði hryggurinn skyndilega og breyttist í klettavegg með þverhnipt klettabelti á báða bóga. Við fylgdum stígnum þar sem hann virtist vera höggvinn utan í lóðréttan klettavegginn. Vegna þess hversu mikill snjór var sást stígurinn ekki, heldur var þar mjög brött snjóhilla. Sem betur fer höfðu einhverjir farið á undan okkur og voru sporin þeirra vel djúp. Við fórum okkur mjög hægt vegna þess að ef snjórinn færi af stað undan fótum okkar þá fengjum við um tvö hundruð metra lóðrétt fall niður. Mér leist ekkert á blikuna en ákvað að þegja og treysta á



Kofinn á tindi Mt. Whitney. Ljósmynd Þorvaldur V. Þórsson.

að Ómar myndi segja til ef ekki væri ráðlegt að halda áfram. Ég einbeitti mér að því að reka skaftið á ísöxinni á kaf í hverju skrefi og feta mig smám saman áfram. Þegar við höfðum puðað í um tvo tíma út og inn úr bröttum giljum utan í veggnum fórum við að sjá tindinn og var það kærkomin sjón. Nokkru seinna vorum við farnir að labba utan í brattri hlíð í stað þess að puða utan í lóðréttum vegg og létti mér mikið. Það var nokkuð langur gangur að tindinum sem var svona 200 m ofar en hryggurinn sem við löbbuðum eftir. Skömmu áður en við komum utan í sjálfan tindinn hætti slóðin skyndilega og var auðséð að þeir sem höfðu farið á undan okkur höfðu ekki farið á tindinn heldur snúið hér við. Við þurftum nú sjálfir að troða snjóinn og reyndist það vera allt annað en auðvelt og þegar við vorum komnir utan í sjálfan tindinn var snjóinn kominn upp að mjöðmum. Við reyndum að fara 6–10 skref í einu og lögðumst síðan fram í snjóinn til að kasta mæðinni. Þetta endurtókum við aftur og aftur og alltaf mjökudumst við nær og nær takmarkinu. Ég tók upp myndavélina mína í einni hvíldinni og smelti mynd af Ómari þar sem

hann var að kasta mæðinni. Ég missti linsulokið framan af linsunni og rúllaði það um það bil 10 metra niður fyrir okkur. Ég hugsaði ekki um að fara slíka ógnar vegalengd til baka svo ég lét það flakka. Eftir mikinn blástur, blótsyrði og streð komumst við á brúnina og var tindurinn snjólaus, okkur til mikils léttis.

Þar uppi var kofi sem var byggður um 1920, hann er hlaðinn úr grjóti sem tekið var á staðnum og er mjög veglegur. Við nutum frábærs útsýnis í heiðríkju og nær logni og tókum nokkrar tindamyndir og fórum síðan að hafa okkur af stað til baka. Ég var nú farinn að finna fyrir hæðinni og sykurskorti, jafnvægið var orðið slappt og ekki mikið eftir af kröftunum. Ferðin til baka var auðveldari en samt þurfti ég að einbeita mér mikið utan í klettunum til að halda jafnvægi. Við náðum niður í tjaldbúðir til hinna um klukkan hálf fjögur eftir hádegi.

Við tókum saman allt draslið og drifum okkur niður í bíl. Við komum niður í bíl rúmlega átta um kvöldið í myrkri og höfðum verið að í rúmlega 14 tíma. Það var yndislegt að komast niður en tilhugsunin um 10 tíma ökuferð var ekki mjög heillandi.



Páll Sveinsson á Skarðatindi. Ljósmynd Hallgrímur Magnússon.



Vorklifur í vesturbrúnum Esju: Páll Sveinsson. Ljósmynd Hallgrímur Magnússon.

Af fugla- björgum

eftir Karl Ingólfsson



Tómas í suðurhlíð Hrútsfjallstinda, Kirkjan og Hnúkurinn í baksýn. Ljósmynd Karl Ingólfsson.

Segir hér af tveimur norðlenskum skíðamönnum sem tóku sig til og fóru lengri leiðina á Hvannadals-hnjúk.

„Hvar eigum við að fara upp þessa skítahrúgu“, segir Tómas og gónir upp suðurhlíð Hrútsfjalls, „verðum við ekki að fara eitthvað almennilegt fyrst við verðum ekki á skíðunum?“ Við settumst niður, drukkum malt og góndum upp hliðina þar til við fengum hálsríg. Við gengum upp snjólænu allt þar til leiðin lokadist af fossi sem var bæði blautur og sleipur. Ég klifra uppí sundursóðið bergið sunnan fossins og næ að krafla mig upp fyrir hann til þess eins að sjá að gilið er einnig ófært ofan hans. „Helvítis vitleysa þetta fjallapríl“ segir Tómas mäsandi og hallar sér upp að „fuglabjargi“ á gilbrúninni — en sá vægir sem vitið hefur meira, fuglabjargið* endasendist ofan í gilið og kemur því ekki meira við þessa sögu. Tommi

sleppur hinsvegar með skrekkinn og ég spóla á mínum fjallaskíðaskóm upp jarðhitaummyndaða bergið sunnan gilsins. Öll tók eru á lausu hröngli og hvergi er bergið það heillegt að hægt sé að stoppa og ræða framhaldið af einhverju viti.

Ég hotta á mig og lofa mér því að binda mig fastan strax og eitthvað verður í að binda. Tómas les yfir mér kjarnyrta norðlensku í takt við grjóthriðina sem ég ryð yfir hann með mínum skjálfandi saumavélarfótum. Að lokum kemst ég upp á morkinn södul sem stendur út úr hroðanum og sest þar klovvega. Ég var með línuna í bakpokanum og næ að henda henni til Tomma sem bindur hana um sig. Hann kemur upp og við horfum á Hvannadalshrygginn og Tindaborgina þar sem hana ber í Hnjúkinn. „Finnst þér ekki að Dyrhamarinn sé hærri en Hvannadalshnjúkur?“ Tómas hlær ekki að þess-

Fjallamenn og annað ferðafólk !

EIGNIST ÁRBÆKURNAR
einstök heimildarrit um landið



Efni árbókanna nær til flestra landshluta. Þær eru fróðleg lesning fyrir Íslandsferðir og ómissandi ferðafélagi.

Árbókin 1994 er 67. árbók Ferðafélagsins.

Árgjaldið er kr. 3.100.- og er árbókin innifalin.

Hún ber heitið „Við ystu Strandir norðan Djúps“ og fjallar um Hornstrandir, Jökulfirði og svæði þar í grennd.

Ferðafélag Íslands


Mörkinni 6 (austast við Suðurlandsbraut)

108 Reykjavík

sími 682 533 fax 682 535

um upphalds brandara mínum en segir: „Það er ábyggilega 200 metra fall ef maður dettur hérna“.

Ég læt vömbina lafa og reyni að gera mig akkerismassífan á meðan Tommi bróltir upp heila spönn án millitrygginga. Loks komum við í snjó. Eftirleikurinn er að mestu í snjó en þó klifrum við þrjár fjórðu gráðu spannis og förum vestur fyrir hrygginn neðan við þverhniptan syðsta tindinn. Degi er tekið að halla og við járnumst og tökum syðsta tindinn aftanfrá undir miðnættið. Við horfum niður á Svínafellsjökulinn 1300 metrum neðar. Þetta er falleg leið í stórskoru landslagi. Við bróltum niður af tindinum og förum á skíðin, ferðinni er heitið á Hvannadalshnjúk. Norðan undir Hrútsfjallstindunum skellur á okkur norðan stormur og fylgir honum háarenningur. Ég er á undan og Tommi flautar mig inn í stefnu. Við erum sammála um að halda okkur vel norðan við sprungurnar sem marka upptök Svínafellsjökulsins. Það tefur okkur að línan er sífellt að húkkast undir ójöfnur í skaranum, aðstæður okkar eru gjörólíkar rjómalíðunni sem ríkti nokkrum tímum áður í suðurhlíðunum. Á kalli Snæbreiðar er veðrið gengið niður og það brestur á með frostkaldri rjómalíðu. „Helvíti að vera á þessu stubbaslasli, það er illa farið með lengstu skíðabrekku landsins að skrölta niður hana á rúmlega meterslögum skíðum í þessu líka „emelerada“ færi“. Ég lít á klukkuna sem farin er að halla í fjögur og svara: „Getum við ekki bara komið við á Sveinstindi, þá passar að við fáum sólbráð niður Virkisjökulinn.“ Tómas tekur lítið undir þennan fína brandara og einhvern veginn komumst við að þeirri niðurstöðu að réttast sé að „bívakka“ ofan í sprungu norðantil í Hvannadalshnjúk þar til sólin næði að meyra skarann á Virkisjöklinum. Ofan í sprungunni fyrirkomum við okkur með fætur ofaní bakpokunum, sitjandi á línunni og tómunum tveggja lítra gosflöskum. Eftir að vera búinn að vakna nokkrum sinnum til að skjálfa mér til hita áráði ég að spyrja Tómas hvort hann sofi. Tómas svarar játandi og ég dauðöfunda hann af hreystinni. Einhverjum blundum og fylgjandi skjálftahrinum síðar hrekk ég til meðvitundar við mikinn skarkala. Tómas hafði í einhverri skjálftahrinunni dregið húfuna það fast niður fyrir eyru að dúskurinn sem hélt henni saman að ofanverðu raknaði upp og húfan hólkadist utanum háls hans eins og trefill. Í bræði sinni hafði hann sparkað í grýlukerti sem endasent-



Í undirhlíðum Hrútsfjallstinda. Ljósmynd Karl Ingólfsson.

ust niður á sextugt dýpi sprungunnar með miklum skarkala.


Við hörkuðum af okkur að sofa tvo tíma í viðbót og bróltum á Hvannadalshnjúk í öllum herklæðum upp úr klukkan átta. „Bívakkið“ (bið/vakið) var fyllilega skjálftans virði og eftir að hafa skíðað Virkisjökulinn sungum við tví-söng á móti bergmáli fjallanna. Það tók okkur tæpan sólarhring að loka hringnum sunnan-undir Svínafellsjökli. Þessi sólarhringur var hverrar mínútu virði. Næst tímasetjum við brottförina samt þannig að ekki þurfi að „bíða eftir Virkisjöklinum“.

Ferðafélagi Karls var Tómas Grønvaldt.

**Fuglabjarg er norðlenskt hugtak notað yfir væna hnúllunga sem flytja verður úr stað við verklegar framkvæmdir.*

LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum
eða flöskubrotum á víðavangi.



Fjallaveiki

eftir Gunnar Guðmundsson lækni



Machapuchare („Sporðurin“) í Nepal. Ljósmynd Torfi Hjaltason.

Á undanförunum árum hefur áhugi á há-fjallaferðum utan Íslands farið vaxandi meðal íslenskra fjallamanna og hafa mörg fjöll verið klifin á þessu tímabili. Þessum ferðum fylgja ýmsir erfiðleikar sem að öllu jöfnu eru ekki til staðar í fjallaferðum á Íslandi. Þar á meðal má sérstaklega nefna fjallaveiki. Hún hefur gert mörgum erfitt fyrir, sérstaklega þeim sem hafa haft nauman tíma og ekki getað aðlagast hæðinni sem skyldi. Hér á eftir er ætlunin að fjalla um fjallaveiki, einkenni hennar, meðferð og leiðir til að fyrirbyggja hana.

Með aukinni hæð yfir sjávarmáli lækkar súrefnisþrýstingur í andrúmsloftinu og þar með í blóði og vefjum líkamans. Veldur það margvíslegum breytingum á starfsemi hans s.s. hraðari og dýpri öndun og hraðari hjartslætti og ýmsum fleiri breytingum. Þvagútskilnaður getur aukist eða minnkað. Orsakir fjallaveiki eru ekki að fullu þekktar og er talið að þær séu fjölþættari en súrefnisskorturinn einn. Almennnt má segja að fólk finni ekki fyrir fjallaveiki fyrr en komið er í um 2500 metra hæð yfir sjávarmáli. Þó geta

þeir sem eru mjög næmir farið að finna fyrir einkennum í um 2000 metra hæð.

Gerðar hafa verið kannanir á algengi fjallaveiki. Athuganir frá skíðastöðum í Bandaríkjunum hafa sýnt að í um 2000 til 3000 metra hæð yfir sjávarmáli verður einkenna vægrar fjallaveiki vart hjá um fjórðungi aðspurðra. Rannsóknir frá Himalaya fjallgarðinum, á ferðalöngum sem höfðu viðdvöl í 4243 metra hæð, leiddu í ljós að helmingur þeirra sem höfðu gengið þangað úr 2800 metra hæð höfðu einkenni hennar á ýmsum stigum. Sömu einkenna varð vart hjá þriðjungi þeirra sem höfðu hafið gönguna í 1300 metra hæð og verið lengur á leiðinni. Þeim sem er hættast við að fá fjallaveiki eru einstaklingar undir 25 ára aldri eða eldri en 60 ára. Þá veikjast konur oftast en karlar. Þeir sem einu sinni hafa fengið fjallaveiki er hættara við að veikjast aftur. Aðrir áhættuhópar eru þeir sem hafa undirliggjandi lungnasjúkdóma, einstaklingar yfir kjörþyngd og þeir sem ekki gefa sér nægilegan tíma til aðlögunar.



Denali í Alaska. Ljósmynd Jón Haukur Steingrímsson.

Fjögur stig

Fjallaveiki má skipta í fjögur mismunandi stig og eru mjög ógreinileg mörk á milli þeirra og er talið að þau séu mismunandi tjáning á sama sjúkdómsferli. Stigin eru: Fjallaveiki, háfjallasjónhimnublæðingar, háfjallalungnabjúgur og háfjallaheilabjúgur.

Einkenna fjallaveiki verður vart eftir eins til þriggja sólarhringa dvöl á fjöllum. Eftirfarandi eru algengustu einkennin:

Höfuðverkur, lystarleysi, ógleði, uppköst, svimi, svefnleysi, almennur slappleiki, suð í eyrum og bjúgur í útlimum. Einnig einbeitingarerfiðleikar og hæg hugsun. Oft á tíðum minnkar þvagútskilnaður.

Háfjallasjónhimnublæðingar eru oftast einkennalausar og koma aðeins fram við lækni-sköðun. Í einstaka tilfellum geta þær valdið tímabundnum sjóntruflunum sem ganga til baka að mestu leyti.

Háfjallalungnabjúgur er mun hættulegra stig fjallaveiki og getur valdið dauða á stuttum tíma ef ekki er rétt brugðist við. Einkennin eru:

Mæði í hvíld, hósti, uppgangur, blóðhráki, blámi, surg í lungum og hröð öndun og hjartsláttur.

Háfjallaheilabjúgur er alvarlegasta stig fjallaveiki og getur farið saman með lungnabjúg. Einkenni hans eru:

Svæsinn höfuðverkur, uppköst, truflun á skynjun og hreyfingum og meðvitundartruflanir sem geta verið allt frá skertri dómgreind til meðvitundarleysis.

Pegar komið er í meira en 6500 metra hæð er komið í dauðabeltið svokallaða, þar sem enginn maður getur lifað til lengdar. Ítarlegar rannsóknir sem gerðar hafa verið á fjallgöngumönnum sem klifrað hafa svo hátt hafa sýnt að þeir fá ýmsar varanlegar vefja-skemmdir, til dæmis versnar frammistaða þeirra á prófum sem mæla ýmiskonar heilastarfsemi. Athugun sem gerð var í Bretlandi á dauðsföllum í leiðöngrum á yfir 7000 metra há fjöll sýndi að dánartíðni var rúmlega fjögur prósent. Þótt megnið af þessum dauðsföllum hafi verið

vegna slysa er talið víst að fjallaveiki hafi átt þátt í mörgum þeirra.

Hvað er til ráða?

Besta aðferðin til að fyrirbyggja fjallaveiki er með skynsömum ferðamáta. Það þarf að gefa sér góðan tíma til að aðlagast hæðinni. Mælt er með því að dvelja í tvo til fimm daga í um 2000 metra hæð. Þegar komið er upp í 3000 metra eða hærra er ráðlegt að hækka sig aðeins um 300 metra á dag. Drekkja þarf mikinn vökva til að forðast ofþornun og borða næringarrikan mat sem inniheldur mikið af kolvetnum. Forðast skal alla áfengisneyslu. Rannsóknir hafa sýnt að lyfið acetazolamide er virkt til að fyrirbyggja fjallaveiki. Talið er skynsamlegt að taka lyfið við uppgöngu á fjöll þar sem um mikla hækkun er að ræða á stuttum tíma. Einnig hefur verið mælt með að það sé notað af þeim sem hafa áður fengið fjallaveiki. Þeir skyldu einnig leggja ríka áherslu á að gefa sér góðan tíma til aðlögunar. Þá hafa barksterar og verið notaðir í þessum tilgangi en ekki er talið ráðlegt að nota þá nema í undantekningartilfellum vegna ýmissa aukaverkana.

Mikilvægasta meðferðin við fjallaveiki er að lækka sig og hverfa við það flest einkenni hennar á stuttum tíma. Í vægum tilfellum eru verkjalyf og hvíld oft nægileg meðferð og er þá oft hægt að halda kyrru fyrir. Oft þarf þó að færa sig niður í minni hæð. Þá getur lyfið acetazolamide verið hjálplegt í sumum tilfellum. Í miðlungssvæsum tilfellum er um sömu meðferð að ræða en langoftast þarf þá að lækka sig. Einnig er barksterum stundum beitt. Í svæsum tilfellum t.d. lungna- eða heilabjúg þarf tafarlaust að lækka sig með öllum tiltækum ráðum. Í þessum tilfellum er einnig gefið súrefni og beitt lyfjameðferð, bæði acetazolamide og barksterum. Þá hafa komið til sögunnar á undanförunum árum færanlegir háþrýstiklefar sem hægt er að nota þegar ekki eru aðstæður til flutninga í minni hæð, t.d. vegna veðurs.

Hafa skal í huga að fjallaveiki getur verið banvæn ef ekki er rétt brugðist við í tíma. Oft er erfitt að kyngja því að þurfa að hörfa niður en það er öruggast og skal alltaf gera ef fólk er í vafa um viðbrögð. Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við hrausta einstaklinga. Þeir sem reykja mikið, hafa undirliggjandi hjarta- eða lungnasjúkdóma, blóðleysi eða aðra langvinna sjúkdóma ættu ekki að fara í mikla hæð nema nauðsyn krefji og þá gæta ítrustu varúðar.

Áður en haldið er í háfjallaferð skyldu fjallamenn leita læknis og fá leiðbeiningar um lyf, bólusetningar og annað sem máli skiptir áður en haldið er til afskekktara staða sem oft hafa takmarkaða læknisþjónustu.

Frekari upplýsingar um fjallaveiki má fá í ýmsum handbókum, til dæmis *Medicine for Mountaineering* eftir Wilkerson og fleiri, sem gefin er út af „The Mountaineers“ í Seattle í Washingtonfylki í Bandaríkjunum.

Tafla 1

Stig fjallaveiki

- Fjallaveiki
- Háfjallasjónhimnublæðingar
- Háfjallalungnabjúgur
- Háfjallaheilabjúgur

Tafla 2

Einkenni fjallaveiki

- Höfuðverkur
- Lystarleysi
- Ógleði og uppköst
- Svimi
- Svefnleysi
- Almennur slappleiki
- Hæg hugsun

Tafla 3

Einkenni háfjallalungnabjúgs


- Hvíldarmæði
- Hósti, uppgangur
- Blóðhráki
- Surg í lungum

Tafla 4

Einkenni háfjallaheilabjúgs

- Höfuðverkur
- Uppköst
- Meðvitundartruflanir
- Hreyfingartruflanir
- Skyntruflanir

POLARTEC FLEECE



..SVO MJÚKT, HLÝTT OG ÞÆGILEGT!

EÐAL-KAPP er unnin úr vönduðu gæðaeefni með hátt einangrunargildi. Efnið er þykkt og létt með tvíhliða flosáferð. Það er laust við skráf og hnökrar ekki. **EÐAL-KAPP** heldur líkamshitunum vel inni og er því kjörin bæði sem innri- og ytriflík.

Sölustaðir: 66°N verslunin, Ellingsen og Útilíf.

66°N

SJÓKLÆÐAGERÐIN HF.

SKÚLAGATA 51, REYKJAVÍK, SÍMI: 91-11520 FAX: 91- 26275

Hrútsfjallstindar

eftir Snævarr Guðmundsson

Í vestanverðum Örafajökli, á milli Skaftafellsjökuls og Svínafellsjökuls, rís Hrútsfjall ofar Hafrafelli og skartar glæsilegum hnúkum, Hrútsfjallstindum, svo helst svipar landslagi til alpanna. Tindar þessir hafa um tíma verið hugleiknir fjallamönnum en munu einungis á síðustu 10 – 12 árum verið sóttir ötullega og þá eftir mismunandi leiðum. Hrútsfjall er með tilkomumestu fjöllum landsins og þótt það beri næst við Hvannadalshnúk, og skorti þar tæpa 250 m á hæðina, má í samanburði vart á milli sjá hvort er tignarlegra. Þrátt fyrir það eru umsagnir um Hrútsfjall frá fyrri tíð nánast engar þó skiljanlegt sé að ekki hafi verið gengið á fjallið fyrir en raun ber vitni. Má með réttu telja að saga fjallgangna á Hrútsfjallstinda tilheyrir því tímabili sem Ísalp hefur mótast á og eigi því erindi í ársritið. Uppgöngur á Hrútsfjallstinda hafa talist til áhugaverðustu fjallaferða sem áhugafólk um fjallamennsku komast í. Úr fjarlægð eru tindarnir hrikalegir tilsýndar en afar fallegir á þann hátt sem freistar fjallamanna til að halda á vit ævintýrana.

Fjölmargar leiðir hafa verið farnar á þá og helsta einkenni þeirra er hið svipsterka landslag sem ferðast er í. Þessar göngu- og klifurleiðir eru allar langar og vegna vegalengda er algengast að gengið sé á fjallið á tveimur dögum. Tíðkast að fara að fjallsrótum í fyrsta áfanga en leggja á brattann daginn eftir. Þó er vel mögulegt að fara upp og niður á einum löngum degi en öllu hægara þykir að taka tvo daga í gönguna. Leiðirnar eru miserfíðar en oft alvarlegar því Hrútsfjall er víða varasamt og illgengt. Brattir skriðjöklnir eru sprungnir og grjót hrynur í hlíðum því bergið er laust.

Fleiri hættur þarf að varast í fjallshlíðum þess eins og síðar má sjá í greininni. Vegur mest að menn hafa fengið á sig aftakaveður hátt í fjallinu og hlotið af hrakninga, því torratað er í slíkum byljum. Hrútsfjallstindar hafa ætíð

tengst vetrarfjallgöngum því þá eru jöklar greiðfærir þegar sprungur eru lokaðar. Aftur á móti eru veður óstöðug og hret og byljir sem dunið geta á fjallamönnum eru tíðir í vetrarferðunum. Þær ferðir hafa verið algengastar um páska þegar útivistarfólk fjölmennir í Skaftafell, þaðan sem gert er út á fjöllin. Annan hættulegan vágast, snjóflóðin, þarf einnig að varast á þessum árstíma.

Eftirfarandi samantekt er ætlað að greina frá þeim ferðum, sérstaklega þó fyrstu göngum nýrra leiða, sem farnar hafa verið á Hrútsfjallstinda frá upphafi og fram til okkar tíma. Greinarhöfundur hefur reynt að halda utan um frásagnir af ferðum á Hrútsfjallstinda sem sumar hverjar eru munnlegar og hafa ekki verið skráðar fyrir eða einungis stuttlega verið getið en aðrar hefur verið ritað um. Margar þeirra voru farnar á tímabilinu 1980 – 1986 en þá var nánast hver einasta ferð á Hrútsfjall eftir nýrri leið. Sumar skráðra frásagna er óþarft að endursegja og er því vísað þar sem við á til föðurhúsanna. Er uppsprettu merktra heimilda getið í lok greinarinnar. Ef einhverjar frásagnir eru missagðar eða hafa gleymst þá þykir mér það miður en alltaf er hætta á að slíkt hendi. Upplýsa viðkomandi aðilar vonandi greinarhöfund um þau mistök.

Hyrnur, hengiflug og hrunjöklar

Engin skýring er á nafngift Hrútsfjalls önnur en sú að ábúendur í Örafasveit hafi einhvern tíma í fyrndinni nefnt það á svipaðan hátt og Svínafell eða Hafrafell. Örnefni í fjöllum Örafanna miðuðust við ræktarlönd og fjárleitir en það er ástæðan fyrir því hve fá nöfn eru á jökulsvæðunum, þar sem enginn fór um.¹⁾ Hrútsfjall tilheyrir Hafrafellstungunni sem frá fornu var í landi Freysness. Nafnið er líklega ævagamalt og kemur fram í málðaga Hnappavallakirkju frá um 1343 þar sem getið er um



Loftmynd af Hrútsfjallstindum. Frá vinstri talið Hátindur, Mið- og Suðurtindur. Vesturtindur sést neðst til hægri. Að baki eru Hvannadalshnúkur og Kirkjón. *Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.*

ungneytarekstur og skógartóft.²⁾ Má geta að auk þessa álíta sumir gamla arfsögn frá miðöldum styðja þá tilgátu að fyrrum hafi í dalnum á milli Hafrafells og Svínafells verið lyngi og skógi vaxnar öldur áður en jöklum óx ásmegin.³⁾ Í sýslu- og héraðslýsingum frá 18. öld hafa jöklarnir þegar gengið fram og Hafrafell sagt ónot hæft til beitara vegna þessa.⁴⁾

Hrútsfjall ber nokkra sjálfstæða jökulfossa sem hanga í bröttum hlíðunum og eru óháðir meginhluta Örfajökuls að baki. Undirfjöllin eru hrjóstrug, klettótt og brött og hlíðarnar rofnar af jöklum en klettaruðningar og urðarranar eru meðfram jöðrum skriðjökla. Fjallið skiptist í Vestara- og Eystra-Hrútsfjall. Hvort um sig eru alllangir hvassir fjallshryggir, sem rísa samhliða upp frá Svínafellsjökli og mæðir jökullinn þó meira á því eystra. Hrútsfjallstindar hafa engin sérheiti en eru hér nefndir til aðgreiningar; Hátindur (1875 m) er hæsta egginn. Vesturtindur (1756 m), efsti hnúkur Vestara-Hrútsfjalls er honum á vinstri hönd, séð frá undirlendi, með mikilúðlegan klettahöfða fremst. Upp af Eystra-Hrútsfjalli, Hátindi á hægri hönd, tróna Suðurtindur (1854 m) og Miðtindur (1852 m) sem er

litlu lægri. Hjarnhryggurinn nær upp á hann norðanverðan en kletturinn er flatur að ofan og myndast þar örlítil tjörn þegar snjór bráðnar af á sumrin. Skörðin eru beggja vegna Miðtinds og ef vel er gáð má greina örmjóan drang á milli hans og Suðurtinds. Drangurinn er um 10 m á hæð og er hluti af stuðlabergsgangi sem skerst upp úr jarðlögunum. Suðurtindur sýnist mestur og gnafir jökulskaflinn fram af toppinum norðanverðum. Suður úr hyrnunni er öxlin eggjótt og upp í hana teygist hjarnið. Þar neðan við eru klettabílin há og steypast hömróttar hlíðar Eystra-Hrútsfjalls að Svínafellsjökli þar undir. Til norðausturs er hins vegar lítil hækkun af Örfajöklinum sjálfum upp á tindana. Úr hvíltinni, á milli hnúkanna, fellur úfin og brött jökultunga. Skriður hún fram af bergstáli en grannir ístaumar liggja niður beggja vegna hamarsins og er sá eystri sýnu meiri. Háköllarnir eru öllu brattari en víða á milli íshamra og klettafluga má hæglega klífa á hvössum eggjum eða eftir hjarnbrekkum upp á þá. Við mót þeirra og jökulsins brotnar ísinn og myndar sprungur í jöðrum hnúkanna. Jaðarsprungur þessar eru tíðum hrikalegar; ætti enginn að fara

um þetta land án þess að lína, ísöxi og mannbroddar séu meðferðis. Frá Vestara-Hrútsfjalli gengur heljarmikill kambur til vesturs, klæddur jökulfaldi og lafa jökultutlurnar fram á brúnir hengifluga. Suður af kambinum fellur Hrútsfjallsjökull en norður af hrynur niður í jökultungu sem skilar sér í Skaftafellsjökul. Er hvílt sú hér nefnd Kriki, til hagræðingar. Sunnan í kambinum taka við grýttar brúnir og klettóttar hlíðar niður að Sveltiskarði sem skilur fjallið frá Hafrafelli. Annar kambur, norðan Krika er að hluta til jökullaus. Líparítmelar standa upp úr hjarninu, nöguð giljum og rásum en þeirra á milli standa klettaborgir og marka brúnir. Norðan og austan kamsins magnast jökullandið og ber lítið á föstu landi eftirleiðis, enda hátt í Örafajökul komið. Upptök syðri arms Skaftafellsjökuls koma að hluta frá hálsinum sem tengir Hrútsfjall og Örafajökul. Hálsinn (1760 m) er mjór og falla jöklar til beggja vega. Ofan hans er Jökulbak 1922 m.

Fyrstu ferðir og næstu atlögur

Víst þykir að fyrst sé gengið á Hrútsfjallstinda um miðja þessa öld eða hinn 19. ágúst 1953. Örafingum tókst að halda nokkuð örugga skrá um ferðir þeirra sem um sveitina fóru allt fram til 1950 enda takmörkuðust ferðir þangað af jökulánum og voru bæirnir einu áningarstaðirnir á leiðinni. Upp úr því fór ferðamönnum að fjölga, ekki aðeins yfir sumartímann heldur einnig á öðrum árstímum, sérstaklega um páska. Ferða- og fræðimenn sem fóru um Örafin fram að aldamótum höfðu ekkert um Hrútsfjall að segja og þeir sem komu þeirra erinda að ganga á fjöll stefndu allir á hæsta tind Íslands. Eftir aldamót var sama uppi á teningnum, það er að Hvannadalshnúkur dró flesta til sín.⁵⁾

Þegar farið var fyrsta sinni á tindana var ekki um beina atlögu að ræða heldur fóru menn þangað til leitar að tveimur Bretum sem týndust á Örafajökli fyrr í sama mánuði. Einn liður í leitinni var að senda björgunarsveit Íslendinga á jökulinn en áður hafði leit úr lofti engan árangur borið. Þátt í þessum lið tóku Árni Kjartansson, Haukur Hafliðason, Magnús Þórarinnsson, Ólafur Nielsen, Sigurður Waage og Vilhjálmur Nielsen, allt félagar í Flugbjörgunarsveitinni og Jöklarannsóknafélagi Íslands. Þeir lögðu af stað frá Fagurhólsmýri upp úr hádegi 18. ágúst og var ætlunin að kanna jökulinn sem víðast. Félagarnir náðu að Hvannadalshnúk um miðnætti og slógu upp tjöldum þar undir. Morg-

uninn eftir var gengið á Hvannadalshnúk og svipast um þaðan yfir jökulbreiðurnar en þoka lá á Hrútsfjalli og því ekki hægt að skoða þá. Sáust engin merki mannaferða. Er niður af tindinum kom, flaug eftirlitsflugvél yfir þá féлага. Þaðan barst sú fyrirskipun að halda til Hrútsfjallstinda og leita þar en rétt þótti að útiloka að Bretarnir hefðu gengið á eða villst þangað. Vil ég í því tilliti nefna að bresku piltarnir höfðu ekki uppi nein áform um að ganga þangað heldur ætluðu þeir á Hvannadalshnúk.⁶⁾ Voru tjöld tekin upp og síðan gengið til vesturs að Hrútsfjalli. Hálfum km frá Hrútsfjallstindum voru sett upp tjöld og urðu þar tveir menn eftir en fjórir gengu síðasta spólinn á Hátind og var það greiðfært. Hvergi bólaði á ummerkjum manna og var því skipt liði, gengu tveir á Miðtind meðan hinir héldu á Vesturtind. En sem fyrr sást hvorki tangur né tetur af Bretunum. Hér létu þeir staðar numið og gengu að lokum til tjalda, enda þótti sýnt að jökullinn mundi ekki svipta hulunni af leyndarmáli sínu. Héldu félagarnir, morguninn eftir, niður af fjallinu en þá hafði verið ákveðið að hætta leitinni.⁷⁾

Árið eftir, 12. júní 1954, gengu Árni, Haukur og Ólafur að nýju á þrjá Hrútsfjallstindana, ásamt Magnúsi Eyjólfssyni og Sverri Scheving. Þá fóru þeir úr Tjaldskarði, frá mælingabúðum Jöklarannsóknafélagsins.⁸⁾ Eftir það liðu 24 ár og í næstu ferðum á Hrútsfjall var komin önnur kynslóð. Reyndar mun breskur hópur hafa reynt uppgöngu litlu fyrr eða sumarið 1976 en engum sögum fer af árangri þeirra.⁹⁾ Verður því að taka mið af því með tilliti til næstu ferða. Þær fjallgöngur sem heimildir ná yfir eiga allar sama upphafsstað, Svínafellsjökul, enda skemmsta aðkoma að fjallinu.

Fljótlega eftir stofnun Íslenska alpaklúbbsins fóru Hrútsfjallstindar að heyra undir eftirsóttustu markmið klúbbsfélaga. Þeir voru enda afar spennandi, ekki síst vegna þess hve óþekktir þeir voru. Ferð sem fjórir félagar fóru í um páska 1978, þeir Arnór Guðbjartsson, Arngrímur Blöndahl, Helgi Benediktsson og Jón Baldursson, varð einnig kveikjan að auknum áhuga jafnvel þótt hún endaði næstum með ósköpum. Um hana má lesa í tímariti ÍSALP nr. 4 frá maímánuði 1978 og Jökli nr. 28 frá sama ári. Fjórmenningarnir freistuðu uppgöngu af Svínafellsjökli meðfram Eystra-Hrútsfjalli en þurftu frá að hverfa vegna fárviðris og lentu í miklum hremmingum á niðurleið.¹⁰⁾ Þessi ferð er eitt



Eystra-Hrútsfjall, suðurhlíðin. Loftmynd Snævarr Guðmundsson.

margra dæma þegar veðrið tekur öll völd af mannlegum mætti á þessum slóðum þó fleiri hafi ekki fokið niður af fjallinu. Varhugavert er að óvæntum veðrum geta fylgt slæmar villur. Snjór og himinn renna saman í eitt og slík getur blindan orðið að ekki er hægt að gera sér grein fyrir hvort gengið sé niður eða upp. Á fjalli eins og Hrútsfjalli eru slíkar aðstæður alvarlegar, vegna þess að víða liggja leiðir nálægt þverhnípsbrúnum. En sýnt þótti að á Hrútsfjallstinda var hægt að sækja heilmikil ævintýri og reynslu í fjallamennsku. Fjallið var að mestu ókannað og þar var einn tindanna, það er Suðurtindur, enn óklifinn. Frá Svínafellsjökli upp á hæstu egg tindsins er um 1400 m hækkun en sá hluti sem tilheyrði Eystra-Hrútsfjalli er brött og víðáttumikil fjallshlíð.

Um páskana árið 1980 könnuðu Torfi Hjaltason og Snævarr Guðmundsson hinn 2.7

km langa fjallshrygg Eystra-Hrútsfjalls á Suðurtind. Höfðu þeir leitað uppi samilega greiða klifurleið eftir hryggnum, allt upp í 1100 m þegar veðrið snéri á þá. Eftir næturdvöl á snjósyllu snéru þeir frá þegar fór að rigna. Niðurferðin reyndist torsótt sökum blota í snjó og snjóflóðahættu. Þá hreinlega rigndi niður af fjallinu.¹¹⁾

Eystra-Hrútsfjall, suðurhlíðin

Eftir þetta leið rúmt ár áður en eitthvað gerðist á Hrútsfjalli. Í apríl 1981 hugðust þrír menn fara á Hrútsfjallstinda, reyndar eftir annarri leið en höfðust lítið að vegna þoku. Mánudi síðar komu Anna Lára Friðriksdóttir, Einar Steingrímsson og Torfi Hjaltason en þau voru ákveðin í að fara suðurhlíðina eftir leiðinni sem fyrr var getið. Þau töldu neðanverða skriðjökulstunguna vera skynsamlegri leið en neðri hluta hryggjarins og að þannig mætti flýta för. Þau sátu aðfaranótt 11. maí 1981 af sér í þungbúnu veðri, í undirhlíðum Eystra-Hrútsfjalls, nærri jökultungunni. Morguninn eftir stytta upp, var þó skýjakúfur á fjallinu, hlýtt og snjór blautur og göngufærið eftir því. Þau gengu jökulinn í fyrstu og komust á hrygginn í 800 m hæð og eftir honum að hamrabeltunum. Allbratt er næstu 400 metrana en snjórás sem sker sig samsíða hryggnum reyndist lykillinn að leiðinni. Klifu þau snjórásina og komust áfallalaust út á jökulinn undir tindunum en vegna hitans hentust ís og grjótmulningur niður hana svo fara þurfti með gát. Var þetta fyrsta skipti sem suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls (gráða PD) var klifin. Veðrið varð verra með aukinni hækkun og þokan þéttari svo að á jöklinum ofan við hlíðina var ekkert skyggni. Ákváðu þremmingarnir því að leita vars enda víst að hættulegt yrði að fara um jökulinn við slíkar aðstæður. Í 1500 m hæð var grafin snjóhola og hímt þar næstu nótt en leysingar sáu til þess að halda þeim blautum og svefnvana.

Morguninn eftir, þann 12. maí, var óbreytt veður og því þótti ekki ráðlegt að fara niður sömu leið enda mátti búast við að hún væri orðin hættuleg eftir öll hlýindin. Var haldið áleiðis að Vesturtindi. Sá spölur var varhuga-verður því lítið sást manna á milli í þokumollunni og sprungur voru við hvert fótímál. Þau náðu tindinum í niðarþoku og blindu en þar var staldrað stutt við heldur leitað niðurleiðar. Í fyrstu gekk það illa því ekki fannst rétta leiðin en þá rofaði í þokuhuluna í eitt örlítið augna-



Greinarhöfundur á Svínafellsjökli, um páska 1980. Ljósmynd Torfi Hjaltason.

blik, nóg til þess að sjá færa leið vestur af tindinum. Var gengið niður og stefnt næst í Sveltiskarð. Komust þau að lokum niður úr þokunni, nokkuð hrakin eftir tæpa tvo sólarhringa á Hrútsfjalli.¹²⁾

Milli Vestara og Eystra Hrútsfjalls á Suðurtind

Ekki varð af uppgöngu á Suðurtind fyrr en ári seinna þegar Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson lögðu á fjallið.

Þeir höfðu frekar slæma reynslu af Hrútsfjallinu fjórum árum áður en það aftraði þeim ekki frá því að fara upp skriðjökulinn milli Vestara- og Eystra-Hrútsfjalls. Árla morguns 7. maí 1982 héldu Helgi og Arnór upp skriðjökulinn á fjallaskíðum en ætlunin var að skíða niður jökulinn að lokinni uppgöngunni. Lá leiðin nærri Eystra-Hrútsfjalli þar sem þeir stefndu á ístauminn á milli fjalls og hrunstálsins í jöklinum. Upp hann þræddu þeir góða leið (PD) en á skriðjökli sem þessum má eins búast við að það sé ekki gerlegt. Ofan við jökulfallið, skildu þeir skíðin eftir, á stalli á milli ísbjarga. Gengu þeir þaðan upp í jökulslakkann undir Suðurtindi. Lá skýjakúfur á tindunum og í 1700 m hæð komu

þeir inn í hrímpöku. Í norðvestanverðum tindinum fundu félagarnir snjógil og klifu þar upp. Þar sem brattast var tryggðu þeir sig í öryggislínu enda náði brekkan 65° halla. Eftir þann hjalla stóðu þeir á hnúknum. Fljótlega var haldið niður enda veðrið slæmt og fylgdu þeir sömu leið og komu að skíðum sínum einhverju síðar. Þaðan var skíðað niður brattar hlíðar á milli jökulsprungna. Var það vissulega skíðaleið sem einungis er fær reyndum skíðamönnum. Allt gekk vel og niður á Svínafellsjökul komu þeir eftir velheppnaða ferð, þar sem farin var ný leið á nýstárlegan máta upp á áður óklifinn tind.¹³⁾

Vestara-Hrútsfjall

Árið 1983 fóru fjórir hópar á tindana þar af tveir um páska. Í báðum páskaferðunum voru gengnar áður ófarnar leiðir, önnur á Vesturtind en hin á Miðtind. Aðstæður voru ákjósanlegar þó töluverður lausasnjóór væri á fjöllum. Í birtingu á föstudaginn langa héldu þeir Kristinn Rúnarsson, Oddur Jakobsson og Þorsteinn Guðjónsson upp hlíðar Vestara-Hrútsfjalls, frá Svínafellsjökli, í stilltu veðri en skýjakúfur sem



Hrútsfjallstindar úr lofti, leiðin niður í Sveltiskarð sést t.h. niður af Vestara-Hrútsfjalli. Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.



Jón Geirsson ofarlega í giliinu í Eystra-Hrútsfjalli. Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.



Hrútsfallstindar, Svínafellsjökull í forgrunni. Gvendargil sést efst til vinstri á myndinni. Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.

komið hafði á Örafajökul um nóttina var að eyðast upp og sól tekin að skína. Eftir drjúga göngu var komið upp á hnúk í 1040 m hæð sem er framanvert við Hrútsfjallið. Leiðin lá þá yfir neðanverðan Hrútsfjallsjökul og upp í hliðarnar vestan hans þar sem léttustu leið upp gildrag (nú oft nefnt Gvendargil, eftir Guðmundi Péturssyni, gráðað F) var fylgt. Þegar dró úr bratta komu þeir upp á Hrútsfjallið vestan við Vesturtind, í að giska 1300 m hæð. Fóru þremmenningarnir eftir kambinum að og svo norður fyrir tindinn en þar er styst upp á hann. Stóðu þeir á Vesturtindi laust eftir hádegi, í sól og góðu skyggni, nokkru frosti og golu. Þar var tekin ákvörðun um að halda til Eystra-Hrútsfjalls þar sem þeir álitu hentuga niðurleið vera.

Var haldið yfir jökulhvilftina að eystra fjallinu. Lá leiðin niður gil sem fljótlega fór að halla bratt niður. Þar komust þeir að því að gilið féll þverhnipt á jökulinn neðan við svo ekki var um neina leið að ræða. Vandadist málið því handan við brekkuna var sól að hníga og varð séð að ef ekki rættist fljótt úr, yrðu þeir að hafa næturdvöl á fjallinu. Paufundust þeir upp úr mesta brattanum og litlu ofar fundu þeir

syllu sem þeir gátu hliðrað eftir og komust þá á kunnugri slóðir, í snjórásina sem hópur Torfa Hjaltasonar hafði notað til uppgöngu tæpum tveimur árum áður. Var henni fylgt niður og síðan fjallshlíðum að Svínafellsjökli.¹⁴⁾ Er engin vafi á því að næturdvöl hefði verið illur kostur fyrir þá félaga því nóttin sú var vel í minnum höfð af öðrum fjallamönnum sem á Örafajökli dvöldu. Þeirra á meðal voru tveir gamalreyndir fjallamenn, Arnór og Helgi, sem einnig höfðu klifið nýja leið á Hrútsfjall.

Á Miðtind eftir Stóragili

Um svipað leyti og þeir Kristinn, Oddur og Þorsteinn voru á niðurleið í Eystra-Hrútsfjalli náðu Arnór og Helgi Miðtindi í falletu sólarlagi og logni. Hafði ferðin legið upp stærsta gilið í suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls (PD) en niður það hugðust þeir skíða að lokinni fjallgöngunni. Uppgangan hafði gengið að óskum þó leiðarval vegna snjóflóðahættu væri vandasamt. Efst í giliinu, sem við nefnum hér Stóragil, voru skíðin skilin eftir því þar skein í ísinn undir snjónum og niður það var ófært að skíða. Þaðan héldu þeir upp úr giliinu, yfir hrygg og þá austur undir



Eystra-Hrútsfjall, suðurhlíðin. Stóragil er hægra megin við miðja mynd. Loftmynd Snævarr Guðmundsson.

tindunum eftir greiðfærri snjósyllu er lá upp í skarðið á milli Suður- og Miðtinds. Úr skarðinu var farið á Miðtind en upp hann var klifið að vestanverðu meðfram ísuðum klettum. Þegar Arnór og Helgi héldu af tindinum var tekið að skyggja.

Fylgdi napur norðanvindur í kjölfarið er sól-in hvarf niður fyrir sjóndeildarhring. Flýttu þeir niðurförinni sem mest þeir gátu en auknum vindi fylgdi skafrenningur. Eftir að hafa klöngrast ofan úr skarðinu var orðið vel rökkvað. Þar komust félagarnir að því að foksnjórinn safnaðist í dyngjur undir öllum giljum á jöklinum neðan Hrútsfjallstinda. Í rökkrunu óðu þeir snjódyngjurnar upp undir brjóst og af fyrri reynslu vissu þeir hve aðstæður voru hættulegar. Fönnin sprakk eitt sinn frá og báðir tveir færðust af stað með henni. Skelfdust félagarnir sem vænta má við það. Þegar að hryggnum

kom, við mót suðurhlíðar Eystra-Hrútsfjalls, var fokbylur og snjókófið talsvert og sást ekki úr augum. Þar varð hreinlega að þreifa sig niður í gilið. Hugðust þeir eitt sinn grafa sig í fönn, enda aðstæðurnar stórvarasamar. Var það ómögulegt því grunnt var á ísinn. Skiðin fundust fyrir tilviljun en ekki tókst þeim að nýta sér þau nú. Voru þau sett á bakpokana og svo var rennt sér mest á afturendunum niður gilið. Komust þeir úr mesta veðrinu neðar og náðu í tjald sitt, hrelldir af hinum skyndilegu veðurbreytingum.¹⁵⁾

Afbrigði af fyrri leiðum

Næstu uppgöngur voru farnar í ágúst 1983. Þann 2. ágúst fóru Guðmundur Guðbjörnsson, Jón Geirsson, Ólafur Baldursson og Ævar Adalsteinsson upp með Vestara-Hrútsfjalli. Fylgdu þeir í fyrstu svipaðri leið og farin var um páskana sama ár. Þegar á Hrútsfjallsjökul kom, eftir 3 klst. göngu, héldu félagarnir upp í jökulfallið í stað þess að fylgja eldri leiðinni. Var það nokkuð erfiðari leið (PD) enda töfðu sprungur ferðina. Er úr jökulfallinu kom greikkuðu þeir sporið uns kom að jafarsprungunni í vestanverðum Vesturtindi. Tryggðu þeir sig yfir hana en svo varð komist á tindinn. Eftir smá viðdvöl þar héldu þeir á Hátind og svo Miðtind og var för sú fremur tíðindalaus. Létu þeir þar staðar numið og fóru niður af Hrútsfjalli við svo búið.¹⁶⁾

Sex dögum síðar var að nýju gengið á Hrútsfjallstinda en þá fóru Björgvin Richardsson, Óskar Þorbergsson og Snævarr Guðmundsson hryggleiðina sem hópur Torfa Hjaltasonar kleif í maí 1981. Frásögn um ferðina birtist í ársriti ÍSALP árið 1988. Ætlun þeirra um að ná Suðurtindi á einum degi úr byggð tókst og einnig var gengið á tvo aðra tindana. Hins vegar lentu þeir í töluverðum vandræðum við að komast niður af Hrútsfjalli vegna illskuveðurs.¹⁷⁾ Á ofanöldum frásögnum má greina hve sjaldan veður voru hliðholl fjallamönnum í ferðum á Hrútsfjallstinda. Eins má skynja að oft skella þau á fyrirvaralaust. En næstu uppgöngur lánuðust vel. Í ágúst árið 1984 var hryggleiðin upp á Suðurtind farin að nýju og þaðan á Hátind og Vesturtind. Sömu helgi stóð Ferðafélag Íslands fyrir fjallgöngu, undir fararstjórn Kristins Rúnarssonar og Þorsteins Guðjónssonar, á Vesturtind og var gengið upp Vestara-Hrútsfjall. Í þeim hópi voru 8 manns.¹⁸⁾ Sömuleiðis gekk einn hópur enn á Vesturtind skömmu síðar.¹⁹⁾

Aðrar leiðir og ýmsar ferðir á Hrútsfjallstinda

Í maí 1985 var aftur farin ný leið (TD) á Suðurtind. Þar átti í hlut einn frægasti fjallgöngumaður heims, Doug Scott, sem ásamt Helga Benediktssyni, Jóni Geirssyni, Snævarri Guðmundssyni og Þorsteini Guðjónssyni kleif fallega en alvarlega klifurleið upp suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls. Frásögn af ferðinni, rituð af Jóni Geirssyni, birtist í ársriti Alpklúbbsins 1986.

Fimmmenningarnir gistu í snjóholum undir fjallshlíðinni en þaðan hófst uppgangan í birtingu næsta dag. Fyrsti lykilhlutinn var 50 m hár ísfoss en þar fyrir ofan var klifið fjölbreytt. Að síðustu þurftu félagarnir að takast á við mjög erfitt klifur til að komast upp efsta haftið og komust svo að lokum á Suðurtind.²⁰⁾ Þessi glæsilega klifurleið var ekki sú síðasta sem farin var á Hrútsfjall en ár leið uns sú næsta var farin. Hrútsfjallstindar fengu þó enn eina heimsókn þetta árið, þegar 11 manna hópur frá Ísalp gekk á Hátind í rysjóttu veðri þann 4. ágúst.

Farið var upp á Vestara-Hrútsfjall eftir Gvendargili undir fararstjórn Guttorms Þórarinssonar.²¹⁾ Um páska 1986 fóru Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson á fjallaskíðum frá Svínafellsjökli, gengu upp að Kirkju og þaðan yfir jökuldalinn á Hátind eftir gili að austanverðu og þá á Vesturtind. Skíðuðu þeir niður Hrútsfjallsjökul og niður með Hrútsfjallslæk til baka. Fyrir sömu ferð hafði Helgi klifið vesturhlíð Hvannadalshnúks einn síns liðs.²²⁾ Önnur atlaða hins vegar, að Hrútsfjallstindunum, gerð sömu páska, gekk ekki upp vegna veðurs. Um hvítasunnu 1986 fóru Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson fallega leið (PD) upp Vestara-Hrútsfjallið meðfram og eftir suðvesturhryggnum á Vesturtind. Leiðin fylgir meira og minna jöklinum austan við hrygginn, sem er nokkuð sprunginn á köflum. Efri hluti leiðarinnar fer upp klettahöfðann sjálfan og er erfiðasta þæpið þar í.²³⁾

Jón Viðar Sigurðsson, Gunnar Guðmundsson og Ingimundur Stefánsson fóru meðfram Skaftafellsjökli 12. júlí 1986 og upp Hafrafell áleiðis í Sveltiskarð. Úr skarðinu var gengið á jökulkambinn og austur eftir honum. Ekki fóru þeir lengra vegna veðurs en höfðu þó staðfest grun Jóns Viðars um auðfæra leið upp Hafrafellið og þaðan á tindana.

Þess má geta að Anna Lára, Einar og Torfi fóru niður þessa leið vorið 1981. Jón Viðar fór svo þessa leið að nýju, 7. júní 1987, með 16



Doug Scott í suðurhlíð Eystra-Hrútsfjalls, í maí 1985. Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.

manna hóp á vegum FÍ. Gekk fólkið á Hátind. Ferðin tók um 14 klst.

Í september, sama ár, fór hann að nýju við annan mann en þeir snéru við skammt frá Vesturtindi, enda skyggni ekkert. 18. júní 1988 snéri 4 manna hópur, á vegum FÍ, frá í Sveltiskarði á þessari sömu leið.²⁴⁾

Um hvítasunnu 1987 stóðu Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson fyrir skíðaferð á Öræfajökul með aðstoð þyrilu. Fyrir höfðu þeir staðið fyrir svipuðum ferðum á Eyjafjallajökul en þá skíðuðu þeir niður Gígjökul. Farið var með 20 manna hóp á Vesturtind og renndi hann sér norðvestur af honum niður á Skaftafellsjökul. Þá var flogið með fólkið á Hvannadalshnúk og lá leiðin næst niður Svínafellsjökul. Aðstæður til skíðunar í ferðunum reyndust fremur slæmar.²⁵⁾ Síðustu árin hafa menn fjölgað ferðum á Hrúts-



Suðurhlíðin. Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.



Hrútsfjall, Hafrafell í forgrunni. Ljósmynd Björn Vilhjálmsson.

fjallið. Hryggur Eystra-Hrútsfjalls, sígildasta uppgönguleið á fjallið, var tvívegis genginn ár-in 1990 og 1991 en í hvorug skiptin náðust tindar. Um páska 1991 fóru félagar úr Kópavogi á Hátind eftir að hafa klifið Kirkjuna nokkru fyrir.²⁶⁾

Í annað sinn fóru nokkrir félagar HSSK á Hátind eftir að hafa ekið jeppa á hálsinn norðaustan hans.²⁷⁾ Þrátt fyrir allar þessar uppgöngur mun, svo vitað sé, ekki hafa verið farið á alla tindana í einu og sömu fjallgöngunni fyrir en 20.-21. júní 1992. Anna Lára Friðriksdóttir, Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason fóru suðurhlíðina sígildu, fylgdu þá tindaröðinni og héldu niður Vestara-Hrútsfjall. Fleiri fóru á þessar slóðir það sumarið, alls 3 hópar og náðu tveir tindum. Karl Ingólfsson og Tómas Grønvaldt fóru suðurhlíðina, á Hátind en þaðan gengu þeir yfir á Hvannadalshnúk. Má annars staðar í ársritinu lesa frásögn þeirra félaga um ferðina. Um verslunarmannahelgi, sama sumar, fóru Guðmundur H. Christensen og Páll Sveinsson, að hluta til eftir blábrún Eystra-Hrútsfjallsins. Eftir næturdvöl ofan suðurhlíðarinnar náðu þeir svo öllum tindum. Vottaðist

þeim, sem öðrum er á fjallið fóru, að uppganga á Hrútsfjallstinda er einhver magnaðasta fjallanga sem mögulegt er að sækja á Íslandi.²⁸⁾

Verslunarmannahelgina '93 var enn gengið á tindana (sjá fréttapistil í þessu Ársriti). Loks skal getið vetrarferðar á Hrútsfjall sem Björgvin Richardsson og þrír félagar hans fóru í janúar síðastliðnum (1994).

Lokaorð

Hér hafa ferðir Íslendinga á Hrútsfjallstinda verið raktar en ekki er vitað hversu oft útlendingar hafa farið á þá. Fjöldi þeirra sem koma í Skaftafell til að ganga á fjöll eykst frá ári til árs og víst er að einhverjir þeirra leiti á önnur fjöll en Hvannadalshnúk. Því til stuðnings vil ég nefna 7 manna hóp Breta sem ætluðu í 6 daga ferð á Öræfajökul síðastliðið sumar og stefndu fyrst á Hrútsfjallstinda.²⁹⁾ Því miður hefur mér ekki tekist að fá nánari upplýsingar enn sem komið er hvernig til tókst. Eins má geta tveggja annarra Breta sem reyndu uppgöngu á tindana snemma í júlí en komust ekki upp.³⁰⁾

Af því má draga þá ályktun að sennilega hafa fleiri leiðir verið farnar á Hrútsfjallstinda



Hrútsfjallstindar í vetrarham. Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.

en hér hefur verið sagt frá og að eins sé víst að einhverjar upptalinnar leiða hafi verið oftar farnar en hér segir frá, jafnvel fyrr en hér greinir. Flestar leiðir á Hrútsfjallstinda eru ekki erfiðar uppgöngu á nútíma mælikvarða en krefjast þó kunnáttu á helstu tæki og tól sem meðferðis þarf. Ísöxi, mannbroddar og lína verða að teljast lágmarksútbúnaður en ýmislegt annað þarf að fylgja á leiðum sem gráðaðar eru PD og ofar. Ef gengið er upp Svínafellsjökul á fyrsta degi er álitlegast að tjalda eða leita vars á urðarrananum undir Vestara-Hrútsfjalli. Þar er tilvalið að geyma útbúnað sem ekki þarf með í sjálfri fjallgöngunni. Frá urðarrananum er stutt að flestum leiðunum sem hefjast frá Svínafellsjökli. Að komast á einn eða alla Hrútsfjallstindana er verkefni sem flestir fjallamenn ættu að stefna á. Heimsókn á þessar slóðir kemur ætíð til að standa upp úr og flokkast með betri göngu- eða klifurferðum sem hægt er fara hérlendis.

Heimildaskrá:


- 1) Samtöl við Sigurð Björnsson, Kvískerjum og Þorstein Jóhannsson, Svínafelli.
- 2) Skaftafell eftir Þórð Tómasson, Örnefnaskrá Hafrafells bls 256.
- 3) Samtal við Ragnar Stefánsson Freysnesi.
- 4) Chorographica Islandica eftir Árna Magnússon bls 17. Útg. Hið íslenska bókmenntafélag 1955.
- 5) Samantekt um ferðir á Vatnajökul eftir Jón E. Ísdal og Flosa Björnsson (óbirt).
- 6) Samtal við Jim Exley.
- 7) Leit að breskum stúdentum á Örnefajökli eftir Árna Kjartansson. Jökull 3. ár 1953 bls 41-42.
- 8) Samtal við Árna Kjartansson.
- 9) Samtal við Magnús J. Árnason.
- 10) Jökull 28. 1978. Vetrarferðir á Örnefajökul, eftir Magnús T. Guðmundsson og Jón Baldursson.
- 11) ÍSALP tímarit nr. 16, — maí 1980. Fréttapistill bls. 28.
- 12) ÍSALP tímarit nr 20, — júní 1981. Fréttapistill bls. 13. Samtal við Önnu Láru Friðriksdóttur.
- 13) ÍSALP tímarit nr. 24 og 25, — ágúst og nóvember 1982. Fjallamennska á Íslandi síðustu fimm ár, eftir Ólaf Baldursson, bls 42. Samtal við Helga Benediktsson.
- 14) Samtal við Odd Jakobsson.
- 15) Samtal við Helga Benediktsson.
- 16) Áfangar nr. 15, 4. tbl. 5. árg. 1984 Hrútsfjallstindar. Samtal við Jón Geirsson.
- 17) Ársrit ÍSALP 1988. Suðurhlíð Hrútsfjallstinda, eftir Snævarr Guðmundsson, bls 32-33.



Jón Geirsson í Hrútsfjallsjökli. Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.

- 18) Frásögn Kristins Rúnarssonar og Þorsteins Guðjónssonar.
- 19) Frásögn Leifs Arnar Svavarssonar.
- 20) ÍSALP ársrit 1986. Einu sinni var eftir Jón Geirsson.
- 21) ÍSALP ársrit 1986. Félagsstarfið 1985.
- 22) Morgunblaðið 23. apríl 1986. Ísalp ársrit 1987. Fréttapistill bls 59.
- 23) Ísalp ársrit 1987. Fréttapistill bls 59.
- 24) Bréf frá Jóni Viðari Sigurðssyni. Vor 1992. Morgunblaðið 12. maí 1988. Gengið á Hrútsfjallstinda eftir Jón Viðar Sigurðsson.
- 25) Ísalp ársrit 1987. Fréttapistill bls 59. Samtal við Helga Benediktsson.
- 26) Árni Jónsson, skýrsla um Kirkjuna og Hrútsfjallstinda.
- 27) Samtal við Björgvin Richardsson.
- 28) Ísalp Ársrit 1992. Fréttapistill bls. 37-38.
- 29) Tilkynning um ferðaáætlun útlendinga, í Þjóðgarðinum Skaftafelli.
- 30) Könnun höfundar á ferðum erlendra fjallamanna á Örnefajökli og fjöllum þjóðgarðarins.

ISLAND GORE-TEX SUPERPROOF MEINDL



gönguskór

**Vatnsheldir
Léttir
Þægilegir**

GORE-TEX – LADY SUPERPROOF MEINDL



Dömugönguskór

**Vatnsheldir
Léttir
Þægilegir**



SENDUM Í
POSTKRÖFU
UM LAND
ALLT.

ÚTILÍF ^H/_F

Glæsibæ, sími 812922.

EURO – VISA
RÁÐ
SAMNINGAR

FJALLGÖNGUR OG FLJÓTAFERÐIR Í NEPAL OG TÍBET



Nýttu þér sveigjanleika Kilroy fargjaldanna til að komast á ákvörðunarstað –
en þau gilda fyrir alla yngri en 26 ára og námsmenn yngri en 35 ára.

Ferðaskrifstofa stúdenta býður
úrval spennandi ferða með
Encounter Overland
um Nepal og Tíbet.
Einnig fjölda ævintýraferða
á trukkum um torfærur
Afríku, Asíu og S–Ameríku.



**FERÐASKRIFSTOFA
STÚDENTA**

STÚDENTAHEIMILINU VIÐ HRINGBRAUT
SÍMI 615656 – FAX 19113

Tækjahornið

Ísklifur — síðari hluti

eftir Björn Vilhjálmsson

Nú verður haldið áfram þaðan sem frá var horfið í síðasta ársriti í umfjöllun minni um ísklifur í bröttum ís og þau tæki sem þarf til þeirrar iðju. Síðasta tækjahorn fjallaði um ísaxir og hamra, brodda og heppilegan klæðnað fyrir ísklifur. Nú verður fjallað um hvernig hægt er að klifra ísinn betur, ekki hvernig á að klifra erfiðara. Oft fylgir það hins vegar að þegar tæknin verður betri hjá einstaklingnum þá getur hann klifið leiðir sem hann réð ekki við áður.

Krafthöggvið

Adalatriðið þegar brattur ís er klifinn er að geta hangið utan á honum. Hver einasta tenging við ísinn, hvort heldur er fót- eða handfesta, skiptir öllu máli. Til að fá sem allra bestu festu við ísinn, sérstaklega í miklum bratta þar sem yfirleitt er bæði snúið og erfitt að fá góða festu, þarf að höggva (eða sparka) af krafti og nákvæmni.

Nútímaísklifuraxir og hamrar (en í framhaldinu er hvoru tveggja kallað axir) eru geysilega góð ef þau eru brýnd reglulega og ávallt höfð vel beitt.

Með þeirri tækni sem hér verður umtölud, sem er ekki venjuleg sveifla heldur nokkurs konar kast, verða þau ennþá áhrifaríkari. Í venjulegri sveiflu er ísöxin bein framlenging af handleggnum og til að ná nægilega afmiklu höggi þarf að sveifla handleggnum aftur fyrir líkamann, sem er bæði orkukrefjandi og ónaðsynlegt. Við það fettist bakið of mikið, jafnvægið og þyngdarhlutföllin á hinum festunum þremur sem líkaminn hvílir á breytist og auk þess hefur maður tilhneigingu til að sveiflast frá ísnum eins og hurð sveiflast á hjörum. Þess í stað er miklu betra ef hægt er að ná jafn kraftmiklu eða kraftmeira höggi, án þess að tapa þeirri líkamsstöðu og jafnvægi sem halda okkur best við ísinn.

Þá kemur sjálft „krafthöggvið“ til skjalanna.

Með notkun þess helst líkaminn kyrr, ef undan er skilin minni háttar aðlögun axlarinnar, meðan líkamsþunginn er borinn uppi af fótunum og annarri öxinni. En áður en öxin sem á að færa er losuð, er næsti staðurinn fyrir hana valinn.

Staðurinn eða skotmarkið ætti að vera 5x5 sm feringur, eins langt frá og hægt er að teygja sig með góðu móti, vegna þess að því sjaldnar sem þarf að færa axirnar, því minni orka eyðist. Þegar þetta er gert skiptir miklu máli að geta „lesið“ ísinn vel, vera búinn að átta sig á því hvernig best er að leggja leiðina og sjá út þá stadi eða bletti þar sem ísinn er mýkstur og teygjanlegastur, því þar eru bestu festurnar og haldið mest.

Áður en lengra er haldið þarf skoða myndir 1. og 2. vel og bera saman við textann hér á eftir.

Nú þarf að gera klárt fyrir krafthöggvið. Losaðu öxina og færðu hana aftur fyrir háls eins og þú ætlir að fara að skrúbbu á þér bakið með henni. Þá á upphandleggurinn að snúa til hliðar og mynda um það bil 90 gráðu horn við hrygginn, olnboginn er samankrepptur og úlnliðurinn afslappaður. Í þessari stöðu vísar höfuð axarinnar niður en oddurinn á skaftinu vísar upp og til hliðar. En axarblaðið til himins og skaftið er nærri samsíða öxlunum. Fram að þessu hafa vöðvarnir sem tengjast handleggnum verið slakir.

Beindu athyglinni að blettinum sem þú ætlar að hitta, dragðu saman axlarvöðvana aftan á öxlinni og þá um leið teygist á brjóstvöðvunum. Nú er krafthöggvið tilbúið, en áður en hleypt er af er slakað örlítið í viðbót með úlnliðnum, þá sigur axarhöfudið aðeins

meira og blaðið bendir frá ísnum. Krafthögginnu er síðan hleypt af með snöggum samdrætti brjóstvöðvanna sem draga upphandlegginn fram, olnboginn opnast um leið og rétt er úr framhandleggnum og axarhöfudið sveiflast upp. Um leið og handleggurinn réttir úr sér og skaftið verður lóðrétt, er axarblaðinu krækt í ísinn með snöggum úlnliðssnúningi, rétt í þann mund sem blaðið og ísinn mætast. Og í sama augnabliki er öxin toguð niður með kröftugri hreyfingu — tjúkk!!

Öxin situr pikkföst. Þessi hreyfing líkist í heild sinni meira kasti en sveiflu og er því naðsynlegt að æfa hana vel svo hún verði eðlileg og töm.



mynd 1

Mikilvægt er að hitta í fyrsta höggi blettinn sem miðað er á og með svo miklum krafti að blaðið haldi, ekki einungis líkamspunga heldur einnig ef einhver af hinum festunum gæfi sig skyndilega. Ef þarf að pumpa skaftið upp og niður til að losa blaðið hefur of miklum kröftum verið beitt í höggið. Þá ætti viðkomandi að slaka svolítið á og minnka aðeins aflið í högginu og leyfa blaðinu á öxinni að vinna.

Þegar blaðið vinnur sig inn losnar alltaf nokkur ís og segir magnið til um hversu vel höggið hefur heppnast, reglan er sú að því minna sem losnar af ís þeim mun betra er höggið. Festan er síðan prófuð með því að flytja hluta þungans yfir á nýju festuna. Virðist hún örugg? Ef ekki, eða ef öxin losnar þá þarf að endurtaka höggið. Komu ískyggilegar sprungur útfrá staðnum sem blaðið var í? Ef svo er gæti ísinn brotnað og hrunið ofan á þig og/eda félagi þinn, ef þú reynir að nota holuna aftur.



mynd 2

Mundu því að líta alltaf niður eða frá í þann mund að öxin og ísinn mætast. Oft þarf að hreinsa grýlukerti og annað hröngl frá áður en hægt er að finna besta blettinn fyrir öxina, því er nauðsynlegt að nota alltaf hjálm og reyna að sópa ísnum til hliðar með hendiinni og öxinni til að sem minnst fari framan í mann sjálfan eða fé-

lagann fyrir neðan. Það gerist alltaf af og til að öxin er rekin of djúpt og situr föst. Þá er áriðandi að djöflast ekki á henni, reyna ekki að vikka holuna með því að ýta og toga axarhausinn eða skaftið til hliðar, né heldur pumpa upp og niður með skaftinu. Það er vegna þess að flest axarblöð nú til dags eru með rúnnaðar efri brúnir sem eru sérstaklega hugsaðar til að auðvelda losun.

Aðferðin til að losa blöðin er þessi: Takið um skaftið rétt undir hausnum á öxinni og hreyfið öxina lítilllega upp og niður, þá myndast dálítil gróf í holunni. Þegar þú síðan ýtir skaftinu beint upp, hætta tennurnar neðan á blaðinu að grípa og blaðið rennur út, sömu leið og það kom. Önnur leið er að slá með handarjadrinum undir hyrnuna eða hamarshausinn og losnar þá ofrekna blaðið.

Ástæðan fyrir því að við vöndum okkur alltaf við að losa ofrekna axir er sú að stálið í blöðunum verður stökkara eftir því sem kuldinn verður meiri, og því meiri líkur á að blöðin brotni ef þeim er beitt á rangan hátt.

Að lokum ber að hafa í huga að oft þarf ekki að nota krafthöggið, því sumar gerðir af þunnum og/eda grotnuðum ís þola ekki högg og er þá betra að fá hald með því að krækja eða leggja blöðin í festurnar. Einnig má benda á að íbjúg blöð grafa sig dýpra þegar farg er sett á þau og er þá oft nóg að toga þau niður til að fá fullnægjandi hald.

Á eftir höndunum koma fæturnir

Alveg eins og nákvæm staðsetning fótanna er oft lykillinn að mörgum klettaklifurleiðum, gegnir staðsetning broddanna líka lykilhlutverki í ísklifri. Þegar við þurfum að komast upp ís-hamra, slútandi íspil eða langar brattar leiðir verða fæturnir að fylgja á eftir, ýta okkur upp, út fyrir og yfir farartálmann og létta þannig sem mest á álaginu á titrandi handleggina.

Þegar leiðin verður brattari verður æ mikilvægara að ná það góðri fótstöðu að líkaminn þurfi ekki að „hanga“ á öðrum handleggnum, sem ætti frekar að vera til stuðnings, meðan hinn handleggurinn er laus til að finna næstu öruggu festu. Gerð broddanna, og þá sérstaklega frambroddanna, ræður nokkru um hvers konar fótatekni við tileinkum okkur. Broddar með marga frambrodda krefjast ekki eins mikillar nákvæmni og mónó-broddar. En til dæmis geta mónó-broddar skorð sig niður úr ef þeir lenda á milli grýlukerta í ís sem hefur frosið þannig. Þá verður að gæta þess að mónó-broddurinn



mynd 3

lendi á miðju kertinu eða nýta holur eftir axirnar. Ef mónó-broddurinn virðist vera eitthvað valtur er gott að láta hælinn síga svo að næsta broddar komist í snertingu við ísinn og veiti auka stuðning. Á stórum grýlukertum eða íssúlum hafa broddar með paraða frambrodda þann kost fram yfir mónó-broddana að þeir grípa yfirleitt betur í færri spörkum.

Þrjár gerðir af þöruðum frambroddum eru algengastar og er greinarmunurinn gerður á því hvernig málmlötunni sem þeir eru úr er snúð. Gerðirnar þrjár eru:

- 1) flatir og sléttir
- 2) flatir með tönnum
- 3) lóðréttir með tönnum að neðan


1) Þegar frambroddarnir eru flatir og sléttir er stærra flatarmál af málm sem líkamspunginn hvílir á en þeir renna auðveldar til ef fóturinn hreyfist.

2) Flatir með tönnum eru öruggari að þessu leyti, en stundum er erfiðara að losa þá aftur því þeir bíta sig svo fast.

3) Lóðréttir frambroddar ganga vel inn í ísinn en þar sem líkamspunginn hvílir þá á minna flatarmáli rífa þeir sig frekar lausa úr ísnum.

En burtséð frá hvaða gerð af broddum við notum þá er alltaf best að beita þeim með snöggum og ákveðnum spörkum, því sé það gert með einhverri hálfvelgju er miklu líklegra að ísinn springi eða broddarnir rífi sig lausa. Og þegar búið er að koma broddunum fyrir er mikilvægt að hreyfa fótinn sem minnst og ef hællinn er látinn síga aðeins, þá reynir ekki eins mikið á kálfa-vöðvana og líkur á skjálfta eða „saumavélafót“ minnka, sjá mynd 3. Lykillinn að velgengni við að koma broddum fyrir í ís er að gera sér grein fyrir og skilja hina raunverulegu afstöðu broddanna til skónna. Broddarnir eru ekki „á“ skónum heldur „neðan á“ honum og táhólfíð á skónum er talsvert fyrir ofan broddana sem verið er að sparka í ísinn. Þess vegna er mjög óhagkvæm tækni að reyna að sparka í ísinn með fótlegginn beinan frá mjöðm.

Þessi tækni, eða skortur á tækni, gerir það að verkum að það eru ekki frambroddarnir heldur táin á skónum sem snertir ísinn fyrst. „Footfangs“ hafa verið mjög vinsælir undanfarin ár vegna þess að á þeim standa frambroddarnir það langt fram að þeir snerta ísinn á undan tanni og þeir eru það þungir að betur er hægt að beita sparki með beinum fótlegg. En fyrir þá sem nota léttari brodda eða fyrir þá sem vilja kynnast maka krafthögsins, þá kemur hér seinna lýsing á „kraftsparkinu“.



mynd 4

Þá er komið að úlnliðsólinni sem yfirléitt fylgir nútíma öxum og hömrum, en hún er ekki aðeins til að koma í veg fyrir að við missum tólin frá okkur í einhverjum asnaskap. Úlnliðsólín er það sem gerir okkur kleift að sparka broddunum í ísinn á besta stað, þannig að við stöndum í besta fánalega jafnvægi á hverjum tíma.

Ólin er stillt þannig að gripið sé staðsett rétt ofan við oddinn á skaftinu þegar hún er strekkt. Þá myndast þríhyrningur milli handar, skafts og ólar sem er stöðugur, styður við og stýrir öxinni í krafthögginu, mynd 4. Enginn sem „þekkir sitt fag“ hangir beint á skaftinu; hann reynir að hanga í lykkjunni á úlnliðsólinni og slaka svo mikið á takinu á skaftinu að fingurnir styðji aðeins lauslega við öxina, eftir að hún er fest.

Munurinn á þessum tveimur aðferðum er sá að annars vegar eru það vöðvar framhandleggsins sem bera þungann og hins vegar bakvöðvarnir sem bera þungann, og þennan mun skilja allir.

Kraftsparkið

Í þessum kafla er mjög mikilvægt að lesa textann vandlega og bera saman við mynd 5. Sá sem fyrstur lýsti þessarri aðferð var Jeff Lowe. Hann er Bandaríkjamadur og mjög þekktur ís- og háfjallaklifrari, kunnur af sólóferðum sínum á erfið fjöll í Himalaya. Auk þess hefur hann hannað mikið af tækjum og búnaði fyrir klifrara, en síðast en ekki síst skrifað bækur. Í bók sinni „The ice experience“ kallar hann þessa aðferð „opahang“ og segir mönnum að halla sér aftur og toga í aximar, en þó hæfilega. Hafa handleggina beina frá öxlum, afslappað tak á öxunum og úlnliðsólamar vel festar á sinn stað. Þá ber bakið meginþungann af líkamanum og um leið sígur rassinn og vísar lengra út í loftið, svo vel sést niður á milli fótanna. Nú er hægt að draga upp hnén og sparka hátt með broddunum. Næst spyrnir maður sér upp af öðrum fæti og dregur hinn upp undir sig, þannig að mjög þröngt horn verður á hnénu. Þegar fóturinn er kominn í efstu stöðu er miðað á þann blett á ísnum sem á að hitta í og látið vada niður á hann. Samtímis gefur nú lægri fóturinn, sem áðan lyfti upp líkamanum og ýtti honum frá ísnum, aðeins eftir þannig að líkamsþunginn fylgir sparkinu eftir.

Ef þú telur að festan sé í lagi þá er þunginn fluttur yfir á fótinn, rétt sem snöggvast, og athugað hvort allt haldi. Ef ekki, er fætinum rennt úr farinu og laus ís hreinsaður burtu í leiðinni og sparkið endurtekið. Annars er sama aðferð endurtekin með hinum fætinum og nú af nýja fótaldinu. Þegar þessi aðferð er notuð, og lærið notað til að rétta úr fótleggnum á milli fótalda, er bæði hægt að að sparka herra í hverju sparki og beina frambroddunum niður á við í sparkinu.

Þannig eru fæturnir færðir herra og herra þar til hælarnir nema næstum

við rassinn, hnén vel bogin til að líkaminn sé sem næst ísnum og hælarnir signir aðeins niðurfyrir lárétt. Þetta er sú stada sem þarf að ná áður en aximar eru færðar aftur. Ef numið er staðar í þessari stöðu er gott að hagnýta sér stellingu sem nefnd er „klukkan 3“ eða „klukkan 9“ stellingin.

Aðferðin er þessi: Snúðu tanni á þeim fæti sem þú ætlar að nota til hliðar og beygðu öklann svo að skósólinn beinist að ísnum. Sparkaðu niður í ísinn þannig að báðar broddaraðimar undir sólanum snerti ísinn í einu og leggðu sérstaka áherslu á að hælarnir og innri tennurnar gripi vel. Til að þetta megi takast sem best þarf að hanga vel á öxunum og halla sér frá ísnum. Þegar broddarnir hafa gripið er líkaminn dreginn aftur upp að ísnum og við það kemur spennan á bogna fótinn sem



mynd 5

læsir broddunum í ísinn.

Þetta þýðir að jafnvel í slútandi ís er hægt að fá nokkuð örugga fótfestu með „frönsku“ eða „flatfóts“-aðferðinni. Þessi aðferð er bæði léttari fyrir kálfana og klifrarnir stendur stöðugur, samborið við að standa eingöngu á frambroddunum. Reglan er sú að ef þú ert ekki á frambroddunum þá skaltu reyna að hafa alla ilina, eða réttara sagt allan skósólan flatan við ísinn.

Hafa ber í huga þegar verið er að setja inn tryggingar, að jafnvel á lóðréttum grýlukertum er hægt að finna



staði sem eru minna brattir og það er alltaf betra að hafa allan sólan tengdan við ísinn, en þá þarf ökklinn að vera liðugur. Nú hafa fæturnir fylgt eftir síðustu tveimur axarfestunum og þá er kominn tími til að færa axirnar aftur.

Þú hangir með beinan handlegg á þeirri öxi eða festu sem þú ert öruggari með og byrjar að losa hina. Þegar öxin er hæfilega laus er skimað upp eftir næsta stað til að negla henni í. Sá staður þarf, einsog því verður við komið, að vera svo langt frá góðu eða öruggu öxinni að ísinn þar springi ekki.

Þá beinirðu athyglinni að skotmarkinu, losar öxina, spyrnir þér upp og togar þig upp góðu öxina, eins hátt og komist verður með góðu móti, og dregur öxina aftur fyrir höfuð og gerir klárt fyrir Krafthögg.

Nú er öxin negld í nýja staðinn og ef hún festist örugglega er þunginn af líkamanum fluttur yfir á hana, annars þarf að endurtaka höggið.

Ef ísinn er lélegur og engin góð festa fæst, verður stundum nauðsynlegt að láta sig síga niður í upprunalegu stöðuna og setja öxina aftur í gamla farið. Síðan er hægt að hvíla sig dálítið, hangandi með beina handleggi í úlnliðsólunum, og endurmeta stöðuna.

En fljótlega þarf að finna nýjan stað, reyna aftur og varast að sprengja ísinn meira en nauðsynlegt er. Ef þú ert hinsvegar kominn inn á svæði sem þú ert ekki tilbúinn í eða líst illa á, geturðu sigið af skráfu, hliðrað yfir á öruggara svæði eða klifrað niður sömu leið og þú

komst. Það getur komið sér mjög vel að kunna að klifra niður sömu leið þegar ekkert annað betra býðst.

Þá gerir þú afturbak það sem þú gerðir á uppleiðinni, notar gömlu holurnar fyrir broddana og axirnar og lætur þig síga niður á höldin þar til handleggirnir eru orðnir beinir.

Ef farið er til hliðar eða axirnar krossaðar af einhverjum ástæðum þarf að vanda sig þegar aftari öxin er losuð. Einnig þarf í hliðrunum að reyna að vera sem mest fyrir neðan axirnar en að festa þær þess á milli eins langt til hliðar og hægt er og spenna sköftin svo niður á meðan tilfærslan á sér stað.

Flestar nútímaaxir með íbjúgum blöðum þola að þær séu spennar á þennan hátt og það munar miklu að nota ekki fleiri festur en nauðsyn krefur.

Ekki berjast við bungurnar

Fyrir marga ísklifrara er lóðréttur ís ekki sá erfiðasti heldur bungur sem taka við eftir lóðréttu kafla í ísleið. Oft vill það líka vera svo að ísinn í bungunum er ýmist meyr og grotnaður eftir sól eða hann er stökkur og hertur af kulda, og vill þá springa mikið.

Aðalatriðið þegar bungur eru klifraðar er að teygja sig ekki of langt og missa við það sjónar á fótunum. Það þarf að varast þá freistingu að færa axirnar ofar og ofar upp bunguna, en festa þær þess í stað rétt ofan við þann stað þar sem bungan nær lengst út og frá þeirri stöðu færa fæturna eins hátt og mögulegt er, og helst aðeins hærra. Ef hægt er að standa vel gleitt þá er það bara betra og muna að hafa hælana alltaf lægra en tábroddana.

Nú er hægt að toga sig upp á aðra öxina, læsa olnboganum og öxlinni, losa hina öxina, gægjast yfir bunguna, finna mjúkan blett, miða og negla síðan öxinni í hann.

En munið að það þarf að krækja snögg í þann mund sem blaðið snertir ísinn, þ.e. lyfta úlnliðnum, svo að hnúarnir skelli ekki í ísinn með afleiðingum sem margir þekkja, og þá er öxin líka tilbúin fyrir það átak sem kemur á hana næst.

Nú þarf að losa og færa hina öxina, passa að hún sprengi ekki festu hinnar axarinnar þegar hún er fest aftur, og færa fæturna þar til hægt er að stíga upp fyrir bunguna í einu löngu skrefi. Síðan eru axirnar færðar aftur og passað að missa ekki sjónar á fótunum.

Þegar báðir fæturnir eru tryggilega festir í kverkinni þar sem bungan og lóðrétti kaflinn mætast er hægt að slaka á aftur. En eitt af því sem gerir bungur svo leiðinlegar er, að oft eru efst á þeim

dældir fullar af snjó, lélegur ís, mjög þunnur ís með bergi undir eða vatni og gerir það þær sérstaklega erfiðar viðfangs og jafnvel ógnvekjandi.

Því er mikilvægt að leitast eftir að koma inn tryggingu í ísinn eða nærliggjandi berg áður en glímt er við bunguna sjálfa.

Við þessar kringumstæður hefur sýnt sig að axir með bogin sköft og stóra hyrnur, sem líkjast snjóakkerum, reynast betur en aðrar gerðir og ná haldi þegar hinar skerast í gegn um allt.

Fágaðu hreyfingarnar og sparðu kraftana

Kjarninn í ísklifri er að nota aldrei óþarfa orku eða hreyfingar og nýta tækin og klifurtæknina einsog hægt er. Þessar aðferðir sem lýst hefur verið hér að framan eiga við um langar og erfiðar leiðir sem þarf að „gíra sig upp í“ að klifra, en á þannig leiðum eru líka oft léttari og minna brattir kaflar sem mikilvægt er að fara eins hratt og auðveldlega yfir og völ er á. Þá er oft gott og fljótlegt að fara „höfrungahlaup“ upp axirnar, þ.e. festa vel aðra öxina, hækka fæturna eins mikið og hægt er og negla þá inn seinni öxina, og þannig koll af kolli.

Við þetta sparast tími og hægt er að halda góðum hraða. Þegar verið er að klifra niður í minni bratta er best að miða krafthöggunum beint til hliðar, halla sér í axirnar og láta sig detta niður á broddafesturnar og leyfa þyngdarafllinu þannig að vinna með sér. Svo gildir alltaf að því færri festur sem notaðar eru á klifurleið þeim mun betra.

Hér lýkur svo þessum pistli um nútímaísklifurtæki og þá tækni sem nýtir möguleika þeirra best.

Nú er ekkert eftir nema að fara út í þetta hvíta og kalda, og þjálfa nýju aðferðirnar þangað til þær verða svo tamar að hægt er að framkvæma þær án umhugsunar. Þá biða manns margar hrífandi stundir í kaldri vetrarsól, hvítum snjó og glærum ís, og adrenalinstreymið heldur á manni hita þrátt fyrir blauta vettlinga og mínusgráður.

Í þessum pistli hef ég stuðst við vandaða grein eftir Robert Cordery-Cotter sem birtist í Bandaríska tímaritinu *Rock & Ice* fyrir 2-3 árum og ýmist stolið, stælt eða endursagt úr henni, en inn á milli bætt við efni og athugasemdum frá sjálfum mér.

Félagsstarf Ísalp 1993

umsjón Salbjörg Óskarsdóttir

Klifurkeppni innanhúss

Klifurkeppnin fór fram sumardaginn fyrsta í vegg Fiskakletts í Hafnarfirði. Þátttakendur voru um tíu talsins.

Fyrst fór fram förkeppni kl. 10 um morguninn og efstu menn úr henni komust áfram í úrslitakeppnina sem byrjaði kl. 14. Sigurvegarar frá síðasta ári fóru sjálfkrafa beint í úrslitakeppnina. Nokkuð óvænt féll Björn Baldursson, sem fyrirfram þótti sigurstranglegastur, úr keppni.

Úrslit urðu þau að Árni Gunnar Reynisson varð í 1. sæti, annar varð Garðar Einarsson úr Njarðvík og Árni Birgisson varð í þriðja sæti. Þá var í fyrsta sinn keppt í kvennariðli og hélt Elín Sigurðardóttir uppi heiðri kvenna. Umsjón höfðu Páll Sveinsson og Snævarr Guðmundsson.

Áhorfendur voru fjölmargir enda klifur með skemmtilegustu íþróttum til áhorfs. *Sjá svipmyndir úr keppninni á bls. 37.*

Þverártindsegg

Um hvítasunnu var klúbbsferð á Þverártindsegg. Þeir Símon Halldórsson og Örvar Þorgeirsson fjölmenntu á eggina.

Heiðarhorn

Í júní var farið á Heiðarhornið á Skarðsheiði. Umsjón hafði Þorvaldur Þórsson og þátttakendur voru 3.

Stardalur

Í maí var farin vinnuferð í Stardal og unnið að stigagerð og borð á. Umsjón hafði Ingimundur Stefánsson og 10 manns tóku til hendinni.

Klettaklifurmót

Hnappavöllum var haldið fjölmennt klettaklifurmót helgina 17.-20. júní.




Frá aðalfundi 1993. Ljósmynd Salbjörg Óskarsdóttir.



Að loknum vinnudegi í Stardal: Friðrika Marteinsdóttir, Karl Ingólfsson, Tómas Grønvaldt og Jón Viðar Sigurðsson. Ljósmynd Árni Tryggvason.



Í Flugugili, efri röð: Ásmundur Ívarsson, Árni Edvaldsson, Hörður Magnússon og Grégory Facon. Neðri röð: Róbert Þór Haraldsson, Gunnar Þór Haraldsson, Hallgrímur Magnússon, Jökull Bergmann og Ólafur Viðar Birgisson. *Ljósmynd Páll Sveinsson.*



Í Valshamri á góðu sumarkvöldi. *Ljósmynd Árni Tryggvason.*

Mótið sóttu um 30 manns. Klifraðar voru leiðir af öllum gerðum og lengdum, nýjar sem gamlar. Þegar ekki viðræði til klífurs var skroppið í Skaftafell og að Jökullóninu. Umsjón með mótinu höfðu Árni Gunnar Reynisson og Björn Baldursson.

Þórmörk

Í Mörkina var farin „haustlitaferð“ um miðjan september. Þeir létu hinsveg-

ar ekkert á sér kræla en farið var í gönguferðir og legið í berjamó. Umsjón hafði Salbjörg Óskarsdóttir og þátttakendur voru þrír.

Víðgelmir

Sunnudaginn 29. ágúst könnuðu 15 manns einn lengsta hraunhelli landsins, Víðgelmi í Hvítársíðu.

Sá Árni Birgisson um þá för.

Flugugil

Farin var klúbbsferð í Flugugil 11. desember. Orion var ekki fær nema í froskbúningi en 10 þátttakendur dreifðu sér í hina ýmsu fossa í giliinu sjálfu. Klifrað var myrkra í milli undir tryggri leiðsögn Hallgríms Magnússonar og Páls Sveinssonar.

Bratti – vinnuferðir

Það voru farnar þrjár vinnuferðir í Bratta í ágúst. Skálinn var málaður að utan sem innan, keyptar nýjar gashellur og settar upp hillur. Umsjón með vinnunni hafði Jón Þórgímsson og tóku fjórir þátt í þeim, auk Jóns. Fyrir á árinu var farið með kol uppeftir. Ekki var fært fyrir vélsleðana og varð ekki komist með kolin nema rétt upp í Súlnadalinn. Þeir Jón og Magnús Guðlaugsson fóru síðan uppeftir um sumarið, gerðu sér lítið fyrir og báru kolapökana upp í skála. Vel af sér vikið!

Námskeið

Í febrúar var vetrarnámskeið í umsjón Torfa Hjaltasonar og Björns Vilhjálmssonar. Nemendur voru 7. Jöklnámskeiðið var seinnihluta júní í Kerlingarfjöllum og höfðu Torfi og Guðmundur Pétursson umsjón með því. Nemendur voru um 10 talsins. Fleiri félagar slóust með í för og fóru á skíði. Ísklifurnámskeið var í lok september og sá Páll Sveinsson um það. Kennslan fór fram í Gígjökli og var grenjandi rigning alla helgina. Nemendur voru tveir.

Myndasýningar

Í október sóttu 400 manns myndasýningu frá Grænlandsleiðangri á Hótel Sögu. Þar sýndu Ólafur Örn Haraldsson, Haraldur Örn Ólafsson og Ingþór Bjarnason frá ferð sinni frá Isortoq, þvert yfir jökulinn til Syðra-Straumfjarðar en skíðagangan sjálf tók rúma 26 sólarhringa.


Skemmtanir

Árshátíðin var í febrúar og sú fjölsóttasta frá upphafi. Gestir voru um 40 auk þeirra sem litu inn í lengri eða skemmri tíma. Umsjón höfðu Salbjörg Óskarsdóttir og Ingimundur Stefánsson. Jólögleggið í desember sóttu hinn hefðbundni fjöldi, eða 40 manns. Umsjón hafði Ingimundur Stefánsson.

Klifurkeppni 1993



Elin Sigurðardóttir. Ljósmynd Salbjörg Óskarsdóttir.



Árni Gunnar Reynisson. Ljósmynd Salbjörg Óskarsdóttir.



Sigurvegarnir: Elin Sigurðardóttir, Árni Birgisson, Garðar Einarsson og Árni Gunnar Reynisson. Ljósmynd Salbjörg Óskarsdóttir.

Fréttapistill

umsjón: Jón Haukur Steingrímsson, Tómas Grønvaldt og
Snævarr Guðmundsson

Fréttapistillinn inniheldur það helsta sem gerðist í fjallamennsku og klifri á síðasta ári. Það er mikið verk sem fer í heimildaöflun í fréttapistilinn, allir eru hvattir til að leggja þeim lið við gerð þessa pistils sem verður heimild framtíðarinnar. Eins eru ábendingar og leiðréttingar vel þegnar. Pistillinn verður jú að vera traust heimild.

FJALLAMENNSKA

ÚTLÖND

GRÆNLAND

Ingbjörn Bjarnason og fedgarnir Haraldur Örn Ólafsson og Ólafur Örn Haraldsson lögðu upp í skíðaleiðangur yfir Grænlandsjökul síðasta sumar ('93). Þeir hófu ferðina á austurströndinni í

Isortoq og enduðu á vesturströndinni við Syðri-Straumfjörð. Ferðin tók 29 daga og gekk vel utan þess að þeir lentu í stormi fyrstu dagana. Þetta var í fyrsta skipti sem alíslenskur leiðangur leggur í skíðaferð yfir Grænlandsjökul.

EVROPA

ALPAR

Seinni hluta ágústmánaðar '93 voru þeir Guðmundur Tómasson, Pétur Adalsteinsson og Sigurður Sigurðsson í Chamonix. Það rigndi mjög mikið á þessum tíma en þeir fóru engu að síður á Mt. Blanc du Tacul. Guðmundur og Pétur gerðu tilraun til að ganga á Mt. Blanc tind eftir Grand Mulets leiðinni en urðu frá að hverfa í um 4600 metra hæð. Í ágúst '92 voru Rúnar Gíslason, Orri Max Rail og Haukur Hliðkvist Ómarsson einnig í Chamonix. Þeir fóru eins og margir áður á Aig. L'M (2844 m) eftir NA-hrygg. Rétt áður en

að rigningartíðin hófst náðu þeir að fara 200 m klettleið á Pyramide d'Argentiere og á Aig. d'Argentiere (3902 m) í framhaldi af því.

AMÉRÍKA

Í september '92 gekk Kristján Maack á Mt. Whitney (4.418 m). Ferðin tók 15 klst. upp og niður. Leiðin upp var austurveggurinn en niður „Mountaineer's Route“ sem svo er nefnd.

ALASKA


Jón Ingi Sigvaldason og Hörður Hreiðarsson lögðu til atlgöu við Mt. McKinley (6192 m) hæsta fjalls N-Am-eríku í lok maí '93. Annar þeirra veiktist og urðu þeir frá að hverfa. Þann 4. júní stóðu Jón Haukur Steingrímsson, Valdimar Harðarson, Guðni Bridde og Kristján H. Birgisson á tind McKinley. Leiðin sem þeir fóru var West-Buttress. Gekk ferðin framur öllum vonum því þeir náðu tindinum á 13. degi ferðarinnar, en alls dvöldu þeir 16 daga á fjallinu. McKinley er þekkt fyrir válynd veður og oft nefnt kaldasta fjall í heimi. Þeir voru hins vegar sérlega heppnir með veður og lentu aðeins einu sinni í því að bíða af sér slæmt veður. En engu mátti muna því að skömmu eftir að Íslendingarnir náðu tindinum skall á hið versta veður og hópar sem voru seint á ferð þennan dag urðu frá að hverfa. Margir fjallamenn reyna að klífa fjallið á hverju ári og getur orðið býsna þröngt á þingi, félagarnir lentu m.a. í því að þurfa að „bívakka“ vegna þrengsla í tjaldbúðum í um 5000 m hæð. Þetta var í fyrsta sinn sem íslenskur leiðangur kom öllum sínum mönnum upp á tindinn.

AFRÍKA

Kilimanjaro

Skúli Jónsson, Pétur Einarsson og Guðmundur Þór Þormóðsson klifu Kilimanjaro fjallið í júlí '93.

Úr McKinley leiðangri Kópavogsmanna. Bívakkað í um 5000 m hæð. Ljósmynd Jón Haukur Steingrímsson.



Guðmundur Helgi á leið á Skarðatind. Ljósmynd Hallgrímur Magnússon.

ÍSLAND

SUÐAUSTURLAND

Kirkjan

Kirkjan var sótt heim páskana '93 af Rúnari Gíslasyni, Orra Max Rail, Ólafi Jónssyni og Hauki H. Ómarssyni. Hefðbundna leiðin varð fyrir valinu.

Hrútsfjallstindar

Þeir voru klifnir helgina fyrir Verslunarmannahelgina af Rúnari Gíslasyni og Hauki H. Ómarssyni. Þeir fóru upp hrygginn á Suðurhlíð og niður „Hafráfellsleið“ Páls Sveinssonar og Guðmundar Helga, sem lýst er í síðasta fréttapíslu, og létu vel af.

„Súla“ í Skaftafellsjökli...

Sú meinlega villa slæddist í ársritið 1990 að Björgvin Richardsson, Valdimar Harðarson, Ari Hauksson og Jón Haukur hafi klifið „Súluna“ í Skaftafellsjökli. Hið rétta er að þeir klifu Súlu í Eysrafjalli upp af Núpsvötnum. Guðni Bríðde og Jón Haukur reyndu hins vegar við Skerid í Skaftafellsjökli árið 1991 en snéru frá eftir eina og hálfa spönn í ausandi rigningu.

Skarðatindur

Austurveggur Skarðatinds var klifinn öðru sinni af þeim Guðmundi Helga Christensen, Páli Sveinssyni og Hall-



Snæfell. Leið Snævarrs og Björns liggur upp snjólænuna fyrir miðri mynd og upp á hrygginn. Ljósmynd Björn Vilhjálmsson.

grími Magnússyni, 17. apríl '93. Þeir fylgdu leið Jóns Geirssonar og Snævarrs Guðmundssonar utan smáafbrigðis síðustu 40 m. Leiðin var í góðum aðstæðum nema helst til mikill snjór.

Um páskana 1993 gengu eftirtaldir á Skarðatind: Júlíus Gunnarsson, Ingólfur Haraldsson, Ragnar Haraldsson, Símon Halldórsson, Örvar A. Þorgeirsson, Garðar P. Magnússon og Valgarður Sæmundsson. Þeir gengu inn Morsárdal á fimmtudegi og gistu þar um nóttina. Á föstudeginum var svo gengið á tindinn í frábæru veðri eftir hefðbundnu leiðinni.

Þumall

Um Verslunarmannahelgina '93 var Þumall klifinn af þeim Símoni Halldórssyni, Örvari Atla Þorgeirssyni, Ingólfi Haraldssyni og Garðari P. Magnússyni. Upprunalega leiðin varð fyrir valinu.

Þverártindsegg

Klúbbsferð var á Eggina um Hvítasunnuna 1993. Þrátt fyrir dræma þátttöku fóru Símoni Halldórsson og Örvar Atli Þorgeirsson frá Hnappavöllum (þar voru fyrir sportklifrarar að stunda sína uppáhaldsildju), þeir óku inn Kálfafellsdal og lögðu til uppgöngu um eittleytið eftir miðnætti. Um 6 1/2 tíma síðar voru þeir komnir upp eftir strembna göngu í ágætisveðri

Hallgrímur Magnússon, Elín Sigurðardóttir og Páll Sveinsson fóru 10. júlí snjólænu hægra megin í jöklinum Skrekk og upp á Eggina eftir venjulegri leið.

Snæfell

Snævarr Guðmundsson og Björn Vilhjálmsson klifu nýja leið á Snæfell eftir hrygg vestan til í fjallinu, sjá mynd.

SUÐURLAND

Eyjafjöll

Þrjár nýjar leiðir, u.þ.b. 120 m háar, litu dagsins ljós í grennd við Paradísarheimt í desember 1992.

1. Lengst til hægri í þílinu, farið upp til hægri á ská, gráða IV-V. FF.: Páll Sveinsson, Guðmundur Helgi Christensen og Hallgrímur Magnússon.

2. Lengst til hægri og farið upp á ská til vinstri og endað í Paradísarheimt, gráða IV. FF.: Páll og Guðmundur Helgi.

3. Dreitill, íspil 200m hægra megin við Paradísarheimt, gr. V-VI (5+). FF.: Páll og Guðmundur Helgi.

SUÐVESTURLAND

Búahamrar

Nedst í Tvíburagilinu klifu Þorvaldur Þórsson og Magnús Gunnarsson 50 m leið af 3ju gráðu.

Björn Vilhjálmsson og Guðjón Snær Steindórsson voru á þessum slóðum viku fyrr.

Eilífsdalur

Ný leið, Tvifarinn, var klifin af Þorvaldi Þórssyni og Magnúsi Gunnarssyni 15. apríl. Hún liggur hægra megin við Einfarann, byrjar á 20 m lóðréttu íshafði og endar á heilli spönn í brattri snjóbrekku.



Guðmundur Helgi dvelur nú í Colorado í Bandaríkjunum. Hér sjáum við kappann glíma við ísinn þar ytra. Úr safni G.H.C.



Paradísarheimt. Ljósmynd Páll Sveinsson.



Á leið á Skarðatind, Morsárdalur í baksýn. Ljósmynd Júlíus Gunnarsson.

Hvalfjörður

Múlafjall

Guðmundur Helgi Christensen og Jón Haukur Steingrímsson fóru nýja leið í þessu ágæta fjalli í mars. Leiðin er innarlega á klífursvæðinu og er lengd leiðarinnar 70–80m og gráðan er 5.

Þyrill

Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson fóru skemmtilega hryggleið, ekki hrygginn í gílinu heldur þann næsta. Leiðin er 3–4 spannrir og gráða 5.4–5.7, þeir gáfu henni nafnið „Horn í síðu Baróns von Stahlhosen“. Í febrúar

'93 klifu Snævarr Guðmundsson, Guðmundur Helgi og Hallgrímur Magnússon nýja leið af gráðu 4+.

Skarðsheiði

Norðurveggir

Norðurveggirnir þrír voru klifnir á einum degi (27.3 '93) af Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga Christensen. Fyrst fóru þeir Heiðarhorn (Jónsgil) síðan Skarðshorn (Dreyri) og enduðu á Skessuhorni (Eystri gróf). Ferðin tók 12 klst. til og frá Reykjavík!

Í næsta gili við Dreyra, hægra megin, var farin ný ísleið, hana klifu Jórunn Harðardóttir, Guðmundur Helgi og Páll Sveinsson. Leiðina nefndu þau Jóka Póka, gráða 4, klifin í göðum aðstæðum þetta sinnið.

VESTURLAND

Snæfellsnes

Fjallið Örninn (Örninn hans Ara T.) var klifinn eftir suðurhrygg um páska, leiðin var gráða III–IV. FF.: Páll Sveinsson, Björn Ólafsson og Guðmundur Helgi Christensen.

Fleiri voru á ferð á Snæfellsnesi um þessa páska. Jón Haukur, Kristján,



Guðmundur Helgi og Örninn. *Ljósmynd Páll Sveinsson.*



Björn Ólafsson frýggjarn að sjá, Helgrindur í baksýn. *Ljósmynd Páll Sveinsson.*

ÍSLAND

Sportklifur var í nokkrum vexti á síðasta ári og á helstu klifursvæðum bættust við margar nýjar leiðir. Alpaklúbburinn sá um að fjármagna tryggingabolta og á Hnappavöllum voru settar upp leiðir í auðveldari kantinum sem hafa aukið aðsóknina að svæðinu.

Nokkrar erfiðar leiðir voru klifnar á árinu og sem fyrr voru það þeir Björn Baldursson, Stefán Smáráson og Árni Gunnar Reynisson sem voru iðnastir þar. Hnappavellir er að verða eitt stærsta klifursvæði á Íslandi. Erfiðleikar leiða þar, sem eru um 60 talsins, eru á bilinu 5.3 – 5.12+. Fjölmargar leiðir voru boltaðar sumarið '93. Of langt mál yrði að telja þær upp hér í smáatriðum enda er í undirbúningi leiðarvísir. Flestar nýju leiðirnar eru 5.10 (sjá upptalningu hér á eftir).

Alvarlegra mál er að nú þegar svo margar boltaðar leiðir hafa litið dagsins ljós á Hnappavöllum er að sumum bændum finnst ekkert sjálfsagt að „skreyta“ rúmlega 1 km langan kletta-vegg með gljáandi boltum. Samstaða allra klifrara er nauðsynleg og allir verða að gera sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni áður en að hlaupið er til og ný leið boltuð. Þessi mál verður að ræða fljótlega okkar á meðal og eins við landeigendur.

SUÐUR- og SUÐAUSTURLAND

Pöstin

Ein leið var boltuð og klifin af Birni Baldurssyni og félögum. Hún er 5.10 c/d og 25 m há.

Hnappavellir

Hádegishamar:

Fimm fræknu, 5.7,

FF: Stefán Smáráson, Páll Sveinsson, Árni G. Reynisson, Björn Baldursson og Þórarinn Pálsson.

Miðskjól:

Öræfabúgí, 5.12a,

FF: Snævarr Guðmundsson.

Horn í Horn, 5.10b,

FF: Björn Baldursson og Árni G. Reynisson.

Brostnar vonir, 5.8,

FF: Björn Baldursson og Árni G. Reynisson.

Steintak, 5.10a,

FF: Stefán Smáráson.



Úr Kinninni, leiðin Frygð er fyrir miðri mynd. Ljósmynd Hallgrímur Magnússon.

Guðni og Valdimar gengu á Helgrindur. Þeir fóru upp úr Þröskuldsdal á skiðum og gengu á flesta tindana. Þeim fannst svæðið vera kjörið til ferða á skiðum og bjóða þar að auki upp á fjölbreytt vetrarklifur.

Þórisjökull

Í Þórisjökli litu tvær nýjar leiðir dagsins ljós. Páll Sveinsson, Guðmundur

Helgi og Hallgrímur Magnússon klifu þann 16. október leið sunnan við Birkitréd, tvær spannar og gráða 4.

Syðstu leiðina (lengst til hægri við Birkitréd) klifu Þorvaldur Þórsson og Tómas Grønvaldt 24. október, einnig 4. gráða og tvær spannar. Leiðina nefndu þeir Októberfest.

VESTFIRÐIR

Ísafjörður

Á Ísafirði hefur verið nokkur gróska í fjallamennsku síðustu misseri. Sigurður Jónsson og Rúnar Karlsson hafa klifrað þar allmargar ís- og snjóleiðir af ýmsum gráðum.

Helsta svæði þeirra Ísfirðinga er í svokallaðri Naustahvilt og þar má finna ísleiðir sem eru allt að 100m langar. Í Óshlíðinni eru svo enn lengri leiðir eða um 200m langar.

NORÐURLAND

Kaldakinn

Í Köldukinn í Aðaldal er mjög áhugavert ísklifursvæði. Nyrst í Kinninni út við sjó eru gamlir sjávarhamrar um 3–4 km á lengd allt að 200 m háir. Þarna er mikið af mögulegum leiðum. Þrjár leiðir voru klifraðar milli jóla og nýárs '93.

Elín Sigurðardóttir og Hallgrímur Magnússon fóru einnar spannar leið gráðaba 3–4. Karl Ingólfsson og Tómas Grønvaldt klifu 100 m langan foss, Dönsku leiðina, gráðu 4+.

Hallgrímur og Tómas klifu 150 m leið af 5. gr., Frygð, nærri lóðréttu utan 30 m kafla af brattri snjó- og ísbrekku.

Þorgeirsfellshyrna, leið Páls og Guðmundar Helga fylgir hryggnum fyrir miðri mynd. Ljós. Páll Sveinsson.



Leið feimna fólksins, 5.6,
FF: Björn Baldursson.

Vatnsból:

Stefnið, 5.9.
FF: Símon Halldórsson.
Svart regn, 5.10c,
FF: Stefán Smáráson.
Gullkorn, 5.10d,
FF: Páll Sveinsson.
Nafnlaus, 5.10,
FF: Símon Halldórsson.
Eilífðardansinn, 5.10d,
FF: Árni G. Reynisson
Barátta eilífðarinnar, 5.10d,
FF: Snævarr Guðmundsson.
Bændaglíma, 5.11b,
FF: Björn Baldursson.
Lækjarhorn, 5.10a,
FF: Stefán Smáráson.

Þorgeirsrétt:

Þríeykið, 5.10d,
FF: Árni G. Reynisson
Rauða myllan, 5.9,
FF: Páll Sveinsson.
Can can, 5.10b,
FF: Árni G. Reynisson
Mona Lisa, 5.8,
FF: Páll Sveinsson

SUÐVESTURLAND

Stardalur og Valshamar

Mikill fjöldi fólks sótti þessi svæði
sem endranær en engin ný leið bættist í
flóru þessara svæða.

Leirvogsgil

Björn Baldursson gerði tvær nýjar
leiðir og eru þær báðar 5.11 d.

Búahamrar

Ein ný leið var klifin og er hún 50 m
löng en alls 3 spennir gráðaðar
5.4–5.12b–5.10a. Leiðina klifraði Snæ-
varr Guðmundsson og rættist þar gamall
draumur enda um 6 ára verkefni að
ræða.

Mefisto, FF: Snævarr Guðmundsson.

VESTURLAND

Þorgeirsfell

Um páska var Miðhyrna klifin eftir
fallegri leið upp hrygg hægra megin í
hrynni. Minna er um fylinn og betra
berg en á fyrstu leiðinni, erfiðasta
spönnin reyndist 5.6. FF: Páll og Guð-
mundur Helgi Christensen.

NORÐURLAND

Vatnsdalur

Þrjár leiðir klifnar, Björn Baldur-
sson gerði þá erfiðustu sem liggur
upp mesta slútið, Árni G. Reynisson



Guðmundur Helgi á Þorgeirsfellshyrnu. Ljós. Páll Sveinsson.



Dómari og tímavörður í klifurkeppninni: Páll Sveinsson og Snævarr Guðmundsson.
Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.

klifraði leið hægra megin við
Tarfana í túninu og Snævarr Guð-
mundsson klifraði eina 5.11a leið.
Allar þrjár eru boltadar.

„You can do it baby“, 5.13a,

FF: Björn Baldursson

Nirvana, 5.12a,

FF: Árni G. Reynisson

Klipið í kleprana, 5.11a,

FF: Snævarr Guðmundsson.

Munkaþverá

Björn Baldursson, Stefán Smáráson
og Árni Gunnar fóru einnig í
Munkaþverá og klifruðu tvær leiðir
af gráðu 5.10–5.11


ÚTLÖND

EVROPA

Björn Baldursson náði þeim frábæra
árangri á opnu klettaklifurmóti í Sví-
þjóð '93 að hreppa silfurverðlaunin.
Sannarlega einstæður árangur.

Björn Baldursson, Stefán Smáráson
og Árni Gunnar Reynisson dvelja nú í
Frakklandi og klifra og klifra og klifra.

Ítarlegri fréttir af þeim verða í næsta
fréttapísl og fullt af góðum myndum
og frásögnum, við biðum spennt.



Snævarr Guðmundsson í norðvestur-vegg Skessuhorns. *Ljósmynd Árni Tryggvason.*



Hallgrímur Magnússon í Dreyra. *Úr safni Hallgríms.*



Guðni Bridde herkinn mjög í Brynjudal. *Ljósmynd Jón Haukur.*



Björn Baldursson á Hnappavöllum. Ljósmynd Páll Sveinsson.



Á Hnappavöllum að sumarlagi! Ljósmynd Snævarr Guðmundsson.

ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR ÍSALP 1992

Stjórn

Stjórn ÍSALP 1992 skipuðu eftirtalin: Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Páll Sveinsson varaformaður, Haraldur Örn Ólafsson gjaldkeri, Árni Gunnar Reynisson ritari, Magnús Guðlaugsson, Torfi Hjaltason meðstjórnendur og Linda Björk Þórðardóttir varamaður. Stjórnin hélt 12 fundi á árinu.

Skálar

Farið var með gas og nýjar hellur í Tindfjallaskála og kol í báða skálana en að öðru leyti var ekki unnið við þá á árinu. Ljóst er að þörf er á vidgerðum á Tindfjallaskála, skipta þarf um járn á þakinu áður en langt um líður. Verið er að kanna kostnað og fleira í sambandi við það verk en æskilegt væri að klára endurbætur fyrir fimmtíu ára afmæli skálans á næsta ári.

Ferðir

Aðeins voru farnar 10 af þeim 26 ferðum sem á dagskrá voru. Fjöldi þátttakenda var um 70, fæstir voru í ferðinni á Kistuna eða 2 en flestir á Snæfellsjökul eða 15. Þetta er ekki mikil þátttaka enda veður oft risjótt á árinu og verður að hafa það í huga þegar borðið er saman við góðviðrisarið í fyrria. Ferðanefnd hafði veg og vanda af dagsskránni en formaður hennar fyrri hluta ársins var Anna Lára Friðriksdóttir en á seinni hlutanum Linda Björk Þórðardóttir.

Námskeið

Þrjú námskeið voru haldin á árinu. Í febrúar var haldið vetrarnámskeið, í mars var haldið velheppnað námskeið í þelamarkursveiflu og í maí var klettanámskeið. Jöklanámskeið féll niður vegna þátttökuleysis og ísklifurnámskeiðið datt upp fyrir vegna erfðileika með flutning á mannskapnum að Gígjökli. Verður að tryggja að slíkt endurtaki sig ekki þegar þátttaka er á námskeiði á annað borð.



Stjórnin 1992, aftari röð: Páll Sveinsson, Jón Þorgrímsson og Ingimundur Stefánsson. Fremri röð: Magnús Guðlaugsson, Magnús T. Guðmundsson og Linda B. Þórðardóttir.

Félagsheimilið

Talsverð breyting varð á högum Alpklúbbsins á árinu því félagsheimilið var á miðju ári flutt í Mörkina 6, í risið á nýju húsi Ferðafélags Íslands. Þar leigir ÍSALP nú fundarherbergi með Ferðaklúbbnum 4x4 og Jöklarannsóknafélaginu auk þess sem aðstæða fyrir opin hús er í rúmgóðum sal með aðgangi að eldhúsi. Aðstæðan hér á nýja staðnum er mun glæsilegri en á Grensásveginum þó svo margir hugsi með trega til gömlu sófanna og rósotta gólfteppisins. Klúbburinn borgaði innréttingu risins að einum þriðja á móti hinum félögunum auk þess sem keypt var fundarborð og skápar í fundarherbergið. Var kostnaður við þessar framkvæmdir á þriðja hundrad þúsund. Á móti kemur að við þurfum ekki að borga leigu fyrir en á árinu 1995.

Opin hús voru flest miðvikudagskvöld, aðeins var lokað kringum jól og áramót. Skráningar í gestabók á opnum húsum voru tæplega 600, dálítið minna en á síðasta ári. Má rekja það til þess að aðstæða á opnum húsum í júlí og ágúst var bágborin en í september var tímaritunum og bókasafninu komið fyrir í hillum og þannig gerð aðgengileg að nýju. Keyptar voru um 15 nýjar bækur í safnið á árinu og ein myndbandsþóla. Húsnafnd sá um opnu húsin en formaður hennar var Árni Gunnar Reynisson. Annar Árni, þ.e. Birgisson, tók góða rispu í þágu klúbbsins þegar hann gaf notað sjónvarp og myndbandstæki. Hefur búnaðurinn verið not-

aður nokkrum sinnum á opnum húsum í haust og vetur.

Árshátíð var haldin í febrúar og tókst hún vel að vanda en hana sóttu um 40 manns. Jólalöggið var haldið síðasta laugardag fyrir jól og var það einnig vel sótt.

Útgáfan

Ársrit ÍSALP fyrir 1991 kom út í mars. Er það illt ef blaðið fer í þann farveg að koma ekki út á réttu ári en efnisskortur tæfði nokkuð. Ekki tókst að koma níunda ársritinu út á árinu þó ekki hafi þar munað miklu. Það er þó farið í prentsmiðju núna og ætti að berast félagsmönnum nú í febrúarmánuði. Ábyrgðarmaður ársritsins 1992 var Magnús Tumi Guðmundsson. Fréttabréfið kom út 5 sinnum á árinu, þar af var ein aukaútgáfa. Ritstjóri fréttabréfsins er Linda Björk Þórðardóttir.

Félagatal

Skráðir félagar voru 318 en nokkrir voru strikaðir út vegna vanskila. Rétt er að taka fram að hin raunverulegi fjöldi félaga, þ.e. fjöldi þeirra sem borga árgjaldið, er nokkru lægri en þetta. Þessar vikurnar stendur einmitt yfir herferð við að innheimta árgjöld og er það nú ekki gert með gíröseðlum heldur ganga rukkarar í hús.

Vonast stjórnin til þess að með þessari aðferð fáiast fljótari og betri skil á árgjöldum auk þess sem við getum strax strikað þá út sem vilja hætta.

Ársreikningar ÍSALP 1992

Rekstrarreikningur

Gjöld

Ársrit 1991	382.654
Fréttabréf	53.047
Áskrift tímarita	12.263
Félagsheimilið	280.844
Skálar	27.201
Innheimta	12.910
Skemmtanir	31.434
Námskeið	9.365
Tap á sjoppu	4.035
Annar kostnaður	8.637
Afskriftir	9.990
Samtals:	832.380

Tekjur

Félagsgjöld 1990 (5)	9.900
Félagsgjöld 1991 (120)	280.700
Félagsgjöld 1992 (6)	14.300
Auglýsingatekjur ársrits	217.000
Auglýsingatekjur fréttabréfs	87.000
Sala ársrita	11.100
Sala leiðarvísar	3.550
Gistigjöld	40.300
Myndasýningar	5.808
Endurgreiðsla VSK	39.841
Vextir	11.422
Samtals:	720.921

Efnahagsreikningur

Eignir

Ávisanareikningur	146.112
Gíróreikningur	43.034
Kjörbók	93.603
Bratti	400.241
Litskyggnuvél	3.000
Bókasafn	57.828
Húsgögn	66.925
Samtals:	810.743

Skuldir

Höfuðstóll 1/1	922.202
Gjöld umfram tekjur	-111.459

Samtals: 810.743

Reikning þennan hef ég endurskoðað og sé ekki ástæðu til að gera athugasemdir.

Reykjavík, 2. febrúar 1993

Einar Hrafnkell Haraldsson (sign)

Önnur mál

Í mars héldu fjórir félagar klúbbsins myndasýningu á Hótel Loftleidum um Ameríkuferð sína haustið áður. Á sýninguna komu um 100 manns og tókst hún mjög vel. Í apríl rak síðan á fjörur okkar góðvin vorn, Doug Scott. Hélt hann myndasýningu sem komið var á með nokkurra daga fyrirvara og var

hún vel sótt. Þriðja klettaklifurmótið var haldið í húsakynnum Fiskakletts og voru þátttakendur 13. Tókst mótið með ágætum en keppnisstjórnar voru Páll Sveinsson og Björn Baldursson.

Í október var haldin afmælis- og vígsluhátið í nýja salnum. Var þar slegið saman 15 ára afmæli ÍSALP og vígslu nýja félagsheimilisins. Sóttu teitið yfir 40 manns og var þetta líklega fjöl-

mennasta skrall Alpaklúbbsins frá upphafi. Á árinu fór fram nokkur umræða innan stjórnar um hvort klúbburinn ætti að gerast aðili að alþjóðasamtökum alpaklúbba, UIAA. Kostnaður við slíkt er nokkur eða um 20 þúsund kr. á ári en á móti kemur að ýmsir möguleikar opnast fyrir félögum erlendis, s.s. þátttaka í klifurmótum. Engin ákvörðun hefur verið tekin um málið.

SCARPA

Stuðningur og sveigjanleiki við hvert fót mál



Púsundir Íslendinga geta bortið vitni



um að Scarpa gönguskórnir eru sérlega vandaðir og haganlega gerðir.



Í Skátabúðinni fást fjölmargar tegundir af Scarpa gönguskóm fyrir alla fjölskylduna



og reyndir starfsmenn aðstoða þig við að finna hentuga

og þægilega skó



miðað við þau not

sem þú hefur í huga.



Snorrabraut 60 • Sími 61 20 45